kjarninn
36. útgáfa – 24. apríl 2014 – vika 17



FASTEIGNASALA RÍKISINS

+ Íslenska ríkið umsvifamikill eigandi íbúða

+ Seðlabankinn og Íbúðalánasjóður stærstu eigendur

+ Vilja ekki selja of hratt þar sem verð getur lækkað

36. ÚTGÁFA

Efnisyfirlit

24. apríl 2014 – vika 17



SJÓNVARP

Reynir Grétarsson, stofnandi og stærsti eigandi Creditinfo, ræðir uppgang fyrirtækisins



VIÐSKIPTI

Wall Street lítur á nýja bók Michael Lewis sem stríðsyfirlýsingu



ÍÞRÓTTIR

Goðsögnin Ayrton Senna fórst í árekstri fyrir 20 árum

Hrafn á heima á Grínlandinu góða

Hrafn Jónsson skrifar Kjaftæði um fáránleika raunveruleikans og vitnar í speki Mike Tyson í leiðinni.

Ófremdarástand í dagvistunarmálum

Ritstjórn Kjarnans fara yfir áherslur framboða til borgarstjórnar í hlaðvarpi inni í útgáfunni.

Google umbyltir ítrekað veruleikanum

Jón Heiðar Þorsteinsson skrifar um leynilegu rannsóknarmiðstöðina sem kallast Google X.

Staðir þar sem deilt er um að selja aðgang

Topp fimm listi yfir þær náttúruperlur sem mestu deilurnar verða um gjaldtöku á í framtíðinni.

kjarninn

Laugavegi 71, 101 Reykjavík
Sími 551-0708
kjarninn@kjarninn.is
www.kjarninn.is

ISSN 2298-4402

Ritstjóri: Þórður Snær Júlíusson
Framkvæmdastjórar: Gísli Jóhann Eysteinsson og Hjalti Harðarson

Kjarninn miðlar ehf.
gefa Kjarnann út.

Make it matter

intel inside CORE i7

ett Aðeins 1,49 kg
þunn
& sterk Aðeins 1,59 cm



HP EliteBook Folio 1040 G1
með Intel® Core™ i7-4600U örgjörva.

Framúrskarandi hönnun, létt, þunn og sterkbyggð

HP hefur tekist að skapa einstaka fartölvulínu fyrir fyrirtækjaumhverfi. Jafnvel kröfuhörðustu notendur verða ekki fyrir vonbrigðum.

UltraSlim tengikví fyrir skrifstofuna.*

Léttu þér lífið.

SSD 128 GB

Solid State diskur (SSD).

3 ára ábyrgð á rafhlöðu.

*aukabúnaður

Kynntu þér EliteBook nánar á www.ok.is

Allar nánari upplýsingar á www.ok.is.
Intel, merki Intel, Intel inside, Intel Core og Core Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum. Microsoft og Windows eru skráð vörumerki Microsoft Corporation.

OPIN KERFI
Sérfræðingar þér við hlið

Preferred Partner



LEIÐARI
Þórunn Elísabet Bogadóttir

Hvað er svona merkilegt við að vera Íslendingur?

Þórunn Elísabet Bogadóttir skrifar um óþolandi þjóðernishyggjudaður.

Þegar skýrsla Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands um aðildarviðræður Íslands við Evrópusambandið kom út í byrjun mánaðarins vildi svo til að ég var stödd í Brussel. Ætli það sé ekki best að taka strax fram að það þurfti enginn að múta mér í þá ferð og hana fór ég ekki sem blaðamaður, heldur sem nemi. Tímasetning ferðarinnar var hins vegar áhugaverð í ljósi umræðunnar sem farið hefur fram á Íslandi undanfarna mánuði.

Evrópa fylgist með

Fyrir tilviljun hitti ég einn hinna óþekktu embættismanna sem Vigdís Hauksdóttir gagnrýndi svo mjög að vitnað væri til í skýrslunni. Embættismaðurinn hafði reyndar ekki heyrt

af gagnrýninni þá, enda bara nokkrir klukkutímar liðnir frá henni, en var vel að sér um flest annað sem viðkom Íslandi. Stjórnmálamenn, flokkar, kosningar, möguleikinn á nýju hægrisinnuðu Evrópuframboði og svo framvegis; það var greinilegt að þekkingin var mikil og að mjög vel er fylgst með gangi mála. Íslenskir stjórnmálamenn eiga það nefnilega til að gleyma því að þrátt fyrir smæð okkar er fylgst með. Það gengur ekki að tala um að Evrópusambandið sé ekki í stakk búið að taka á móti velmegandi ríki eins og Íslandi á Alþingi, og láta í sífellu eins og Ísland sé á einhvern hátt betra eða merkilegra en þeir sem þar eru fyrir, en fara svo til Brussel með Evrópustefnu sem gengur út á bætt samskipti. Það er ekki hægt að segja eitt heima og annað að heiman og ætla sér að komast upp með það.

„Margir þessara flokka nota þjóðernishyggju í baráttu sinni, sem gengur gegn grundvallarstefinu í sambandinu. Þjóðernishyggjan er kannski ekki nákvæmlega eins eða jafn gróf í Bretlandi og í Grikklandi eða Ungverjalandi, en hún sprettur samt af sömu rót.“

Að þessum eina embættismanni frátöldum komst Ísland þó aldrei beint á blað. Ástandið í Úkraínu var mikið rætt, og hvert sem komið var lýsti fólk yfir áhyggjum sínum af Evrópuþingskosningunum sem fara fram í lok maí. Þar er útlit fyrir að flokkar sem eru mótfallnir Evrópusambandinu fái betri kosningu en nokkru sinni.

Þjóðernishyggja af sömu rót

Margir þessara flokka nota þjóðernishyggju í baráttu sinni, sem gengur gegn grundvallarstefinu í sambandinu. Þjóðernishyggjan er kannski ekki nákvæmlega eins eða jafn gróf í Bretlandi og í Grikklandi eða Ungverjalandi, en hún sprettur samt af sömu rót. Þessa rót er líka að finna í Rússlandi og í Úkraínu, rétt eins og í Suður-Súdan þar sem þjóðarmorð eru framin þessa dagana. Þjóðernishyggja hefur orðið valdur að, eða verið notuð sem afsökun fyrir, gríðarlegum hörmungum víða um heim. Samt er hún áfram notuð í stjórnmálum.

Íslendingar eru síður en svo lausir við þetta, þrátt fyrir að kynþáttahatur og ofbeldi hafi sem betur fer ekki náð fótfestu í stjórnmálum hér á landi. Daðrið við þjóðernishyggjuna hefur samt aldrei verið langt undan og stjórnmálamenn hafa notað hana sér til framdráttar í öllum stærstu deilumálum sem snúa að umheiminum. Þannig var það þegar rætt var um NATO, um EES, í þorskastríðunum, um Icesave og um ESB. Að ekki sé minnst á góðærið, þar sem bókstaflega hrollvekjandi ummæli voru látin falla um einstaka eiginleika Íslendinga á ýmsum sviðum.

Svona orðræða nær líka inn í landsbyggðar- og höfuðborgarumræðu. Nú á meira að segja að dubba Guðna Ágústsson upp sem forystuefni Framsóknarflokksins í Reykjavík. Maðurinn sem hingað til hefur haldið uppi þjóðernishyggju þegar kemur að íslenskum landbúnaði er farinn að beita henni fyrir sig í nýjum pólitískum tilgangi. Allt í einu er flugvöllurinn í Vatnsmýri orðinn öðrum flugvöllum fremri og merkilegri, rétt eins og íslenska smjörið er betra en allt annað smjör.

Hættum þessu rugli

Orðræða af þessu tagi er þreytt, hún er vitlaus og hún getur beinlínis orðið hættuleg, eins og dæmi sýna. Bjartsýni og trú á landið þarf ekki að tengjast þjóðernishyggju. Evrópusambandsaðild þarf ekki einu sinni að gera það. Fólk má endilega vera stolt af Íslandi þegar við á og gleðjast yfir velgengni landa sinna og landsins. Við getum meira að segja talið að vegna fámennis og staðsetningar séum við á einhvern hátt sérstök þjóð. En sérstök er ekki það sama og merkileg, og það er ekkert merkilegra að tilheyra íslenskri þjóð en einhverri annarri.

Ríkið með fangið fullt af fasteignum

Seðlabanki Íslands og Íbúðalánasjóður hafa selt hundruð fasteigna að undanförnu. Seðlabankinn á enn 350 fasteignir.



VIÐSKIPTI
Magnús Halldórsson
@maggihalld

Seðlabanki Íslands og Íbúðalánasjóður eiga 2.360 íbúðir um land allt. Þar af á Íbúðalánasjóður bróðurpartinn, eða 2.121 samkvæmt mánaðarskýrslu sjóðsins fyrir marsmánuð sem birt var í gær. Seðlabanki Íslands, í gegnum félagið Hildu sem Eignasafn Seðlabanka Íslands (ESÍ) á, heldur enn á 350 fasteignum, þar af 250 íbúðum. Um 100 fasteignir sem félagið á teljast til atvinnuhúsnæðis.

Seðlabankinn og Íbúðalánasjóður hafa bæði beitt svipuðum aðferðum við sölu á eignum, það er að setja eignirnar smátt og smátt út á markað og freista þess þannig að fá sem hæst verð fyrir eignirnar. Fasteignasölur hafa séð um að selja eignirnar, í mörgum tilvikum fasteignasalan Miklaborg og fasteignasalan Eignamiðlun.

„Á höfuðborgarsvæðinu á sjóðurinn 394 eignir; 93 þeirra eru til sölu en 282 í leigu.“

ESÍ tók við um 550 fasteignum sem voru í eigu Dróma þegar samningar náðust á milli ESÍ, Dróma og Arion banka um yfirtöku ESÍ á ákveðnum eignum og skuldum Dróma og uppgjöri á kröfu Arion banka á Dróma. Samningarnir náðust um síðustu áramót. Sé mið tekið af þessu hefur Seðlabankinn nú þegar selt um 200 fasteignir frá því að hann tók við eignunum eftir að hafa gengið að veðum sínum.

Selt í stórum skömmtum

Í tilfelli Íbúðalánasjóðs hefur sjóðurinn einblínt á að selja eignirnar sem hann á eins hratt og kostur er en þó þannig að tryggt sé að sem mest fáist fyrir þær. Eins og staðan er nú er stærstur hluti fasteigna sjóðsins á Suðurnesjum. Samtals á sjóðurinn 814 eignir á svæðinu; þar af eru 423 í sölumeðferð en 325 í leigu. Þær 53 sem út af standa eru auðar eða óíbúðarhæfar.

Á höfuðborgarsvæðinu á sjóðurinn 394 eignir; 93 þeirra eru til sölu en 282 í leigu. Afgangur eignanna, tæplega 900 eignir, dreifist um alla landshluta og er stærstur hlutinn í leigu eða til sölu. Í heildina standa 108 íbúðir í eigu sjóðsins auðar um land allt og tólf eru óíbúðarhæfar.

LEIGUVERÐ AÐ HÆKKA HRATT Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Vísitala leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu var 132,6 stig í mars 2014 (janúar 2011=100) og hækkaði um 2,5% frá fyrra mánuði, samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands. Síðastliðna 3 mánuði hækkaði vísitalan um 2,2% og síðastliðna tólf mánuði hækkaði hún um 8,2%. Vísitala leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu sýnir breytingar á vegnu meðaltali fermetraverðs.

Íbúðarhúsnæði er skipt í flokka eftir herbergjafjölda og staðsetningu. Reiknað er meðalfermetraverð fyrir sex flokka íbúðarhúsnæðis. Niðurstaðan er vegin með hlutdeild viðkomandi flokks í heildarverðmæti á markaði miðað við undangengna tólf mánuði, að því er segir á vef Þjóðskrár Íslands.



Íbúðalánasjóður seldi gríðarlega margar eignir á fyrsta ársfjórðungi þessa árs, eða 629. Á sama tímabili í fyrra seldi sjóðurinn 36 eignir. Frá árinu 2008 hefur ÍLS selt 1.506 fasteignir, þar af er stór hluti þess til leigufélagsins Kletts, sem sjóðurinn á, eða 517. Viðskiptin skýra mikinn mun á seldum eignum sjóðsins á fyrsta ársfjórðungi þessa árs í samanburði við árið á undan.

Mikið umfang

Umfang Seðlabankans, í gegnum Hildu, á fasteignamarkaði er annað og minna en hjá Íbúðalánasjóði, en það er óvenjuleg staða fyrir seðlabanka að eiga safn fasteigna. Um hundrað íbúðir af þeim 250 sem Hilda á eru ekki fullbúnar til sölu ennþá, 40 íbúðir eru í útleigu, 40 eru í söluferli og þar af um 20 þar sem kauptilboð hafa verið samþykkt. Um 70 eignir eru í vinnslu og verða tilbúnar til sölu um mitt ár, samkvæmt upplýsingum frá Birgi Birgissyni, framkvæmdastjóri Hildu.

Fasteignasalar hafa kvartað nokkuð undan því hvernig staðið er að sölu eigna hjá Íbúðalánasjóði og Hildu, ekki síst í ljósi þess að um er að ræða hið opinbera þar sem ríkari kröfur eru gerðar um jafnræði og gagnsæi. Ekki er á vef seðlabankans eða ÍLS hægt að sjá yfirlit yfir eignir sem ÍLS og

Seðlabankinn eiga. Báðir aðilar hafa sett sér formlegt verklag um hvernig að þessu er staðið, það er að koma eignunum í sölu.

Báðir hafa kappkostað að selja eignir ekki of hratt, þar sem slíkt gæti haft mikil áhrif á fasteignamarkaðinn og jafnvel stuðlað að lækkun fasteignaverðs. Undirliggjandi er síðan að hámarka virði eigna í krónum talið.

Bólueinkenni á markaði?

Fasteignaverð hefur hækkað nokkuð að undanförnu hér á landi, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Ýmsir óttast að eignabóla geti myndast á fasteignamarkaði, ekki síst þar sem fjárfestingarkostir á markaði eru takmarkaðir. Mikið fé leitar því í fasteignir í hagkerfi innan fjármagnshafta þar sem lífeyrissjóðir þurfa að fjárfesta fyrir 12 til 13 milljarða á hverjum mánuði. Þessi staða var meðal annars til umfjöllunar í Wall Street Journal í síðustu viku. Kjarninn hefur enn fremur fjallað ítarlega um stöðuna á fasteignamarkaði í greinum, en vegna takmarkaðs framboðs á litlum og meðalstórum íbúðum á höfuðborgarsvæðinu, og mikillar eftirspurnar stórra árganga sem eru að koma út á markaðinn, hefur leiguverð hækkað hratt á undförnum misserum.

Byrði húsnæðiskostnaðar nam 16,8 prósentum af ráðstöfunartekjum einstaklings á mánuði í fyrra, að meðaltali, samkvæmt tölum sem Hagstofa Íslands birti 14. apríl síðastliðinn. Kostnaðurinn er mun hærri hjá þeim sem leigja, og hefur hækkað hratt að undanförnu, en kostnaðurinn hefur farið lækkandi hjá þeim sem búa í eigin húsnæði. Flestar spár benda til þess að húsnæðisverð muni halda áfram að hækka á komandi misserum, einkum þær eignir sem eru miðsvæðis í Reykjavík og á vinsælum stöðum í nágrannasveitarfélögum. Ástæðan er einföld; þar er takmarkað framboð af eignum en mikil eftirspurn sem ýtir verðinu upp á við.



Viltu skipta um gír á markaðnum?

Með Flotaleigu Lýsingar geturðu lágmarkað kostnað við rekstur bílaflota fyrirtækisins

Lýsing

Sjóðurinn sem kostaði okkur mest

Útlánatap Sparisjóðsins í Keflavík var gríðarlegt. Upplýst hvað Landsbankinn þurfti að afskrifa. Sérstakur saksóknari rannsakar mál tengd sjóðnum.



EFNAHAGSMÁL
Þórður Snær Júlíusson
@thordursnaer

Sparisjóðurinn í Keflavík virðist, samkvæmt skýrslu rannsóknarnefndar um sparisjóðina, hafa verið einna verst rekinn allra sparisjóðanna. Vaxtamunur hans var til að mynda oftast lægri en hjá öllum hinum sjóðunum, útlán hans virðast hafa verið ótrúlega illa undirbyggð, afkoma sjóðsins var nánast einvörðungu bundin við gengi hlutabréfa sem hann átti og samkvæmt heimildum Kjarnans er embætti sérstaks saksóknara að rannsaka nokkur mál tengd honum.

Vegna þessara þátta var afkoma sjóðsins af kjarnarekstri neikvæð frá árinu 2003 og fram að þeim degi þegar hann féll. Samtals nam tapið 30 milljörðum króna, en þorri þeirrar upphæðar kom til á árunum 2008 og 2009. Til að setja slakan undirliggjandi rekstur sjóðsins í samhengi nam tap af kjarnarekstri hans, hefðbundinni bankastarfsemi, 700 milljónum króna á árinu 2006 þrátt fyrir að kynntur hagnaður fyrir skatta væri tæpir 5,6 milljarðar króna.

„Ef einhver sparisjóðanna vildi fá að vera litla lestin sem gat þá var það Sparisjóðurinn í Keflavík.“

Vildi vera litla lestin sem gat

Ef einhver sparisjóðanna vildi fá að vera litla lestin sem gat þá var það Sparisjóðurinn í Keflavík. Samkvæmt skýrslu rannsóknarnefndar um starfsemi sparisjóðanna fimmfölduðust eignir hans á fimm árum og námu samtals 98 milljörðum króna í lok árs 2008. Tvennt skipti mestu máli fyrir þennan vöxt: útlán sjóðsins höfðu fimmfaldast á tímabilinu og virði hlutabréfa, að mestu óbein eign í Existu í gegnum fjárfestingarfélagið Kistu og í Icebank/Sparisjóðabankanum, hækkaði mikið. Í árslok 2006 voru til dæmis nærri 70 prósent af öllu eigin fé sparisjóðsins bundin í hlutabréfum í Existu, annaðhvort beint eða óbeint. Þá voru ótalin áhrif Existu í Sparisjóðabankanum, sem sparisjóðurinn átti tólf prósent í.

Auk þess yfirtók sjóðurinn nokkra minni sjóði víða um land, sem leiddi til þess að eignasafnið stækkaði.

Innlán helsta fjármögnunarleiðin

Keflvíkingarnir fjármögnuðu þessa starfsemi sína að mestu leyti með innlánasöfnun. Þegar mest lét, í lok árs 2009,



FOSSVOGSHYLUR

Fossvogshylur ehf. er félag sem nýtt var til þess að halda utan um stofnfjárbréf í Sparisjóðnum í Keflavík. Deloitte hf. framseldi alla hluti félagsins til Sverris Geirmundssonar, sonar Geirmundar Kristinssonar sparisjóðsstjóra, með framsalssamningi undirrituðum af starfsmönnum Deloitte og Sverri hinn 7. mars 2008. Sverrir var einnig í stjórn félagsins. Þá voru stofnfjárbréf í Sparisjóðnum í Keflavík fyrir samtals 683 milljónir króna að gangverði flutt frá Víkum ehf., dótturfélagi sparisjóðsins, til Fossvogshyls ehf.

Í skýrslunni segir: „Þetta var gert með viðskiptafærslu þannig að Víkur ehf. átti kröfu á Fossvogshyl ehf. sem færði skuld á móti bréfunum. Aðeins fimm dögum síðar, 12. mars 2008, var samþykkt á aðalfundi sparisjóðsins að greiða 20% arð af stofnfé. Í skýrslu fyrir rannsóknarnefndinni upplýsti Páll Grétar Steingrímsson, löggiltur endurskoðandi hjá Deloitte og endurskoðandi Sparisjóðsins í Keflavík, að Geirmundur Kristinsson sparisjóðsstjóri hefði við gerð ársreiknings sparisjóðs fyrir árið 2007 óskað eftir því við sig að fá keypt félag hjá Deloitte sem myndi taka við stofnfjárbréfum í eigu sjóðsins. Úr varð að Fossvogshylur var nýtt til þess ... Endurskoðandinn kvaðst ekki vita hvers vegna óskað var eftir að bréfin yrðu flutt úr samstæðu sjóðsins inn í Fossvogshyl ehf. Sparisjóðsstjórinn kvaðst kannast við félagið í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni en taldi sig ekki vita til að það hefði tengst Vikum ehf. á nokkur hátt."

Sverrir Geirmundsson staðfesti í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni að aldrei hefði verið gerður lánasamningur við Fossvogshyl um skuldina né veðsamningur um hin yfirfærðu stofnfjárbréf. Fossvogshylur ehf. hefði því getað selt bréfin áfram til þriðja aðila án þess að Vikur ehf. eða Sparisjóðurinn í Keflavík hefðu getað varið sína hagsmuni. Arðtekjur Fossvogshyls ehf. á árinu 2008, þ.e. arðgreiðslur vegna ársins 2007, voru 48,5 milljónir króna. Samkvæmt minnispunktunum gekk arðurinn að fullu til niðurgreiðslu á viðskiptaskuld félagsins við Víkur ehf.

Í bréfi Sverris Geirmundssonar til rannsóknarnefndarinnar 28. janúar 2014 er því hafnað að Sverrir hafi átt félagið. Hann hafi, að ósk endurskoðandans, samþykkt að sitja tímabundið í stjórn félagsins í byrjun árs 2008 og undirritað skjöl, að því er hann taldi, því til staðfestingar. Honum hafi ekki verið ljóst að um undirritun á framsali hlutanna væri að ræða og hann hafi aldrei talið sig eiganda félagsins.

voru innlán 62 prósent af skuldum sjóðsins. Í skýrslunni er bent á að frá septemberlokum 2008, þegar bankakerfið var að hrynja, og fram til loka mars 2010 hafi innlán hjá Sparisjóðnum í Keflavík hækkað um 19 milljarða króna. Á þessu tímabili var vitanlega í gildi yfirlýsing íslenska ríkisins um að tryggja allar innistæður. Meðal þeirra sem lögðu inn peninga í sjóðinn á þessu tímabili voru sveitarfélög á Suðurnesjum og ýmis fyrirtæki á svæðinu. Tilgangurinn var að styrkja stöðu sjóðsins. Ríkissjóður Íslands eignaðist líka tveggja milljarða króna innlán hjá sjóðnum sem var meðal annars tilkomið vegna greiðslu hans á fjármagnstekjuskatti sem sveitarfélög á Suðurnesjum áttu að greiða í ríkissjóð vegna hagnaðar á sölu eignarhluta þeirra í HS Orku.



Léleg útlán
Uppistaða eigna sjóðsins var útlán með litlum veðum og hlutabréfa í áhættusæknu fjárfestingarfélagi. Starfsmaður í stjórnsýslunni sagði eignir sjóðsins „súrar“.

Í skýrslunni segir um þetta að í október 2008 hafi sparisjóðurinn leitað til fjármálaráðuneytisins og farið þess á leit að ríkissjóður Íslands stofnaði sérstakan innlánsreikning hjá Sparisjóðnum í Keflavík til að taka á móti skattgreiðslum frá sveitarfélögum. Sjóðurinn átti ekki peninga til að borga útflæði innlána í nóvember og desember, sem var tæpur milljarður, enda lausafjárstaða hans á þessum tíma einungis 255 milljónir króna. Með öðrum orðum gat Sparisjóðurinn í Keflavík ekki borgað út innlán sem vilji var til að taka út í lok árs 2008.

Léleg útlán

Útlánin sem Sparisjóðurinn í Keflavík veitti voru mörg hver léleg. Mjög léleg. Lán til venslaðra aðila voru umtalsverð, 90 prósent útlána sem voru með veði í hlutabréfum voru tryggð með veði í óskráðum bréfum, verðmæti trygginga var í mörgum tilvikum langt undir lánsfjárhæð og ofmetið. Sparisjóðurinn var hins vegar lítið fyrir að framkvæma veðköll og því var fyrirséð löngu áður en sjóðurinn féll að mikil útlánatöp sem höfðu ekki verið bókfærð væru fram undan.

Þessi sannleikur kom líka fram í skýrslu Fjármálaeftirlitsins um starfsemina sem skilað var í september 2008 og Kjarninn hefur greint ítarlega frá. Skýrslan, sem opinberar margt sem ekki kemur fram í skýrslu rannsóknarnefndarinnar.

Þrátt fyrir þessa svörtu skýrslu Fjármálaeftirlitsins fékk Sparisjóðurinn í Keflavík að starfa áfram, lána áfram og safna innlánum. Hann fór ekki á höfuðið fyrr en í apríl 2010 og þá var meira að segja ákveðið að stofnsetja nýjan sparisjóð á grunni þess gamla. Sá tórði þó einungis í tíu mánuði áður en honum var rennt inn í Landsbankann gegn því að íslenska ríkið borgaði allt að 26 milljörðum króna með honum. Ástæða þess að svo háa fjárhæð þurfti til var sú að óháðir sérfræðingar töldu að enn minna myndi innheimtast af lélegum útlánum sparisjóðsins en áður var áætlað og einnig að innlánin voru orðin jafn stór hluti af skuldum hans þegar sjóðurinn loksins for í þrot eins og raun ber vitni. Í dag er þorri þeirra 33 milljarða króna af tapi hins opinbera, skattgreiðenda, vegna sparisjóðakerfisins sem hefur raungerst vegna litla sveitasparisjóðsins í Keflavík.



Leyniskýrsla
Endurskoðunarfyrirtækið PwC gerði svarta skýrslu um starfsemi Sparisjóðsins sem skilað var í apríl 2011. Kjarninn birti skýrsluna í heild sinni í ágúst síðastliðnum.

Stærstu lántakendur

Í skýrslu rannsóknarnefndarinnar er farið yfir stærstu lántakendur sjóðsins. Í úrtakinu sem tekið var voru 23 lánahópar. Fyrirgreiðsla til þeirra nam ellefu milljörðum króna í lok árs 2007 en hafði hækkað í 24,3 milljarða króna í lok árs 2008, meðal annars vegna gengisbreytinga. Þessir hópar fengu samtals 26,6 prósent af heildarútlánum sparisjóðsins. Í skýrslunni segir að „sérgreindar niðurfærslur vegna þessara lánahópa í úrtakinu námu samtals tæplega 45% af virðisrýrnun útlána og krafna sparisjóðsins í lok árs 2008 og rúmum 35% í lok árs 2009. Á meðal þeirra lánahópa sem teknir voru út voru:

PÓLITÍSK ÁKVÖRÐUN AÐ REISA LIFANDI LÍK VIÐ ÞVERT Á RÁÐLEGGINGAR

„Ég held að þegar málið er skoðað eftir á varðandi [Sparisjóðinn í Keflavík] sé mjög erfitt að sjá réttlæti fyrir því að sparisjóðurinn fengi að lifa svona lengi ... Ég veit ekki nákvæmlega hvers vegna sparisjóðurinn fékk að halda áfram. Maður skynjaði þó að það væri svona viss vilji af hálfu stjórnvalda að halda einhverju sparisjóðakerfi á lífi og þá komu inn önnur sjónarmið". Þetta er haft eftir Tryggva Pálssyni, framkvæmdastjóra fjármálasviðs Seðlabankans, við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefndinni.

Sömu sjónarmið komu fram í skýrslutöku yfir Sturlu Pálssyni, framkvæmdastjóra alþjóða- og markaðssviðs Seðlabankans. Hann sagði menn hafa áttað sig á að sjóðurinn væri „lifandi lík" en að Seðlabankinn hafi ekki treyst sér til að „kippa honum úr sambandi" án samvinnu við stjórnvöld. Ákvörðunin um að láta sjóðinn starfa áfram hafi verið tekin af ríkisstjórn og fjármálaráðuneyti.

Á endanum gekk ástandið þó ekki lengur og hinn 22. apríl 2010 tók Fjármálaeftirlitið yfir Sparisjóðinn í Keflavík. Sama dag voru innistæður og eignir hans fluttar í nýstofnaðan sparisjóð, Spkef.

Í skýrslunni segir að ákvörðunin um endurreisnina hafi verið pólitísk. Væntingar hafi verið til þess að hann yrði bakhjarl fyrir sparisjóðina í landinu. Þar segir enn fremur að í skýrslu Kjartans Gunnarssonar, skrifstofustjóra í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu, hafi komið fram að „töluverð átök hafi átt sér stað milli stjórnsýslunnar og pólitískra ráðamanna" vegna endurreisnarinnar. Spurður hvort vitneskjan um alvarlega stöðu sparisjóðsins hefði ekki skilað sér til ráðamanna sagðist hann ekki geta svarað fyrir þá en geta þó sagt að margir starfsmenn stjórnsýslunnar hafi ekki verið sáttir við þróun mála á þessum tíma. Þegar Kjartan var spurður hvort hann teldi það hafa verið augljóst að sparisjóðnum yrði ekki bjargað á þessum tíma sagði hann: „Ef ég man rétt þá var það mikið af „súrum" eignum í eignasafninu þar líka og það var aldrei möguleiki á að halda honum á floti."

Það reyndist rétt mat hjá Kjartani. Hinn 5. mars 2011, rúmum tíu mánuðum eftir stofnun, tók Fjármálaeftirlitið yfir Spkef og hræinu af sjóðnum var rennt inn í Landsbankann. Íslenska ríkið þurfti að greiða allt að 26 milljörðum króna með sjóðnum til bankans á endanum, að teknu tilliti til vaxta. Við skýrslutöku var Steingrímur J. Sigfússon, þáverandi fjármálaráðherra, spurður hvort stjórnendur sparisjóðsins hefðu ekki blekkt stjórnvöld með því að skýra ekki frá því hversu „ónýtt" eignasafn sjóðsins var. Steingrímur svaraði: „Ég vil ekki nota það orð en þeir voru allavega ekkert að hafa fyrir því að upplýsa um slík sérstök áhyggjuefni ... Maður verður mjög sjokkeraður þegar maður sér slíkt eftir á".

Ný-fiskur ehf. í Sandgerði og tengdir aðilar

Stærsta skuldbinding Sparisjóðsins í Keflavík var við fiskvinnslufyrirtæki í Sandgerði en frá árinu 2008 tilheyrði annað útgerðarfyrirtæki líka lánahópnum. Heimildir Kjarnans herma að þarna sé um að ræða fyrirtækið Ný-fisk ehf. Í skýrslu rannsóknarnefndarinnar segir að „stærsti eigandi þess var einnig með skuldbindingar við sparisjóðinn, en þær voru ekki taldar með lánahópnum". Ný-fiskur ehf. og Útgerðarfélag Sandgerðis ehf., sem er í eigu þess, voru seld til Icelandic Group í byrjun árs 2014. Í skýrslu rannsóknarnefndar segir: „Þó að tilgang lánveitinga til félagsins hafi hvorki verið að finna í fundargerðum lánanefndar né í lánaskjölum, sagði fyrrverandi sparisjóðsstjóri í skýrslu

hjá rannsóknarnefndinni að lánað hefði verið til reksturs félagsins ... Í skýrslu sparisjóðsins um stórar áhættuskuldbindingar í október 2008 námu skuldbindingar lánahópsins 3,1 milljarði króna. ... Í skýrslu sparisjóðsins um stórar áhættuskuldbindingar í desember 2008 voru áhættuskuldbindingar 36,6% af eiginfjárgrunni sjóðsins og var Fjármálaeftirlitinu tilkynnt um það með bréfi 16. febrúar 2009. Skuldbindingarnar námu þá 3,3 milljörðum króna ... Við yfirtöku Landsbankans hf. á útlánasafni Spkef sparisjóðs taldi úrskurðarnefnd að sérgreint afskriftarframlag vegna lánahópsins ætti að vera um 1,4 milljarðar króna."

Icebank-hluthafalán

Sparisjóðurinn í Keflavík lánaði til ýmissa félaga sem keyptu hluti í Icebank/Sparisjóðabankanum. Á meðal þeirra félaga sem fengu slík lán voru félög tengd lykilstarfsmönnum sjóðsins, stjórnarmönnum og bæjarfulltrúum í Reykjanesbæ. Í skýrslunni segir að „Lán til félaga sem keyptu hlutabréf í Icebank hf. námu 2.431 milljón króna í lok árs 2008 en þar af höfðu 1.508 milljónir króna verið færðar í sérgreindan afskriftareikning. Lánin töpuðust öll en í desember 2009 voru 1.663 milljónir króna endanlega afskrifaðar vegna lánanna og 1.150 milljónir króna bakfærðar. Öll félögin tólf urðu gjaldþrota á árunum 2010 og 2011."

Bláa lónið og tengdir aðilar

Frá byrjun árs 2005 og til loka október 2008 hækkaði lánafyrirgreiðsla Bláa lónsins og tengdra aðila hjá sparisjóðnum úr um 300 milljónum króna í rúmlega 2,9 milljarða króna. Í apríl 2011 námu skuldbindingar hópsins um 2,1 milljarði króna.

Kaupfélag Suðurnesja

Fasteignafélag um fasteignir Kaupfélags Suðurnesja var einn stærsti skuldari Sparisjóðsins í Keflavík frá desember 2007 til apríl 2011. Í apríl 2007 fékk félagið 500 milljóna króna lán hjá sparisjóðnum. Í skýrslunni segir að lánanefnd sjóðsins hafi samþykkt „250 milljóna króna lán til fasteignafélagsins

en höfuðstóll lánsins var 500 milljónir króna. Lánveitingin var ekki kynnt fyrir stjórn ... Í skýrslu innri endurskoðunar sparisjóðsins í júlí 2007 var fjallað um lánið og gerð athugasemd við misræmið milli samþykktar lánanefndar og fjárhæðar lánsins. Þá taldi innri endurskoðandi að staðgengill sparisjóðsstjóra hefði ekki átt að undirrita lánasamninginn við fasteignafélagið fyrir hönd sparisjóðsins á sama tíma og hann var jafnframt stjórnarformaður Kaupfélags Suðurnesja, aðaleiganda fasteignafélagsins."

Ekkert var fært í sérgreindan afskriftareikning vegna skuldbindinga fasteignafélagsins fram að yfirtöku Landsbankans á útlánasafni Spkef sparisjóðs. Þá var það mat bankans að niðurfæra þyrfti 450 milljónir króna vegna skuldbindinga félagsins.

Félag tengt Þorsteini Erlingssyni, stjórnarformanni sjóðsins
Skuldbindingar umrædds félags námu 1,6 milljörðum króna 22. apríl 2010 en staða á sérgreindum afskriftareikningi vegna þess var þá um 505 milljónir króna. Á sama tíma voru tryggingar fyrir skuldbindingum félagsins metnar á um 280 milljónir króna og mismunur trygginga og skuldbindinga því 820 milljónir króna. Landsbankinn mat heildarskuldbindingu félagsins 1,6 milljarða og niðurfærslu á 815 milljónir króna.

Nesbyggð ehf.
Í lok árs 2009 námu skuldbindingar Nesbyggðar ehf. 1.441 milljón króna og þar af höfðu 300 milljónir verið færðar í sérgreindan afskriftareikning. Í mars 2011 var félagið tekið til gjaldþrotaskipta. Í apríl 2011 námu kröfur sparisjóðsins á félagið rúmum 1,5 milljörðum króna. Landsbankinn taldi tryggingar félagsins vera 79 milljóna króna virði, en Spkef sparisjóður hafði hins vegar metið tryggingarnar á 509 milljónir króna. Ástæða þessa mismunar var að Landsbankinn mat fasteignir Nesbyggðar út frá fasteignamati en Sparisjóðurinn út frá brunabótamati.


Miðland ehf.

Miðland ehf. var í eigu fjögurra annarra félaga og fékk lán til að kaupa byggingarland á Miðnesheiði. Við mat á eignasafni Spkef sparisjóðs við samruna við Landsbankann hf. var miðað við að virði trygginga vegna Miðlands væri um ellefu milljónir króna en Spkef sparisjóður mat verðmæti trygginga á 604 milljónir króna. Í skýrslunni segir: „Hinn mikla mun á mati trygginga má helst rekja til þess að Landsbankinn notaði lóðamat Fasteignamats ríkisins en sparisjóðurinn miðaði sitt mat við áætlaðan fjölda íbúða á svæðinu."

Fasteignafélag Suðurnesja ehf.
Fasteignafélag Suðurnesja ehf. var stofnað árið 2005 af þeim Steinþóri Jónssyni, Aðalsteini Gunnari Jóhannssyni og Sigurði Smára Gylfasyni. Í apríl 2011, við yfirtöku Landsbankans hf. á útlánasafni Spkef sparisjóðs, námu skuldbindingar þessa hóps 965 milljónum en þar af höfðu 416 milljónir verið niðurfærðar. Öll félög tengd lánahópnum urðu gjaldþrota í apríl 2012.

Lán vegna stofnfjárkaupa
Landsbankinn hf. felldi niður útlán sem Sparisjóðurinn í Keflavík hafði veitt fyrir samtals 1.918 milljónir króna hjá 283 aðilum vegna kaupa þeirra á stofnfé í sjóðnum sjálfum. Í skýrslunni segir: „Þegar Landsbankinn tók yfir útlánasafn Spkef sparisjóðs í mars 2011 höfðu lán til stofnfjárkaupa verið metin verðlaus."

Lán til starfsmanna og stjórnarmanna
Samkvæmt yfirliti yfir útlán til starfsmanna Sparisjóðsins í Keflavík í lok árs 2007 námu þau samtals 754 milljónum króna; þar af voru útlán í erlendri mynt tæpar 374 milljónir króna. Hæsta útlán til starfsmanns nam á þessum tíma 73,5 milljónum króna. Í ágúst 2008 for innri endurskoðandi sparisjóðsins yfir skuldir og vanskil starfsmanna. Þá námu heildarútlán til starfsmanna 1,7 milljörðum króna. Við yfirtöku Landsbankans á útlánasafni Spkef sparisjóðs var þorri þessara skulda afskrifaður.



TOPP 5 Staðir þar sem fyrirséð er að umdeilt verði að selja aðgang

Náttúruparadís til sölu, kostar eina tölu

Ekki hefur enn fundist lausn sem allir geta sætt sig við á því hvernig eigi að standa að því að innheimta gjald fyrir að skoða náttúruperlur hér á landi. Stjórnvöld hafa þó ákveðið að hefja gjaldtöku á næsta ári. Hugsanlega er það ógjörningur að finna leið sem allir Íslendingar geta sætt sig við, en hvaða staðir eru það helst sem verða umdeildir þegar gjaldtakan hefst fyrir alvöru? Kjarninn hefur grun um að þetta verði ekki auðvelt, eins og fyrstu tilraunir til þess að selja aðgang að náttúruperlum gefa til kynna.



5 Geysissvæðið verður alltaf umdeilt

Nú þegar hafa verið gerðar tilraunir til gjaldtöku inn á svæðið í kringum Geysi en þær hafa ekki gengið vel, svo vægt sé til orða tekið. Nærtækast er að nefna það að Héraðsdómur Suðurlands féllst á lögbannsbeiðni íslenska ríkisins vegna gjaldtöku landeigenda á svæðinu. Augljóslega þurfa íslenska ríkið og landeigendur að ganga í takt í þessum efnum, þar sem eignarhald á svæðinu skiptist á milli þeirra. Einn getur ekki ákveðið einhliða að hefja gjaldtöku í ósætti við hinn. Fátt bendir til þess að sátt sé í nánd, sem leitt getur til farsællar lausnar. Líklega verður gjaldtakan á svæðinu alltaf umdeild.



4 Aðgangur að Reykjahlíð

Eitt af vandamálunum sem við er að eiga þegar kemur að því að selja aðgang að náttúruperlum er að skilgreina almennilega í hvað féð sem kemur inn á að fara. Uppbygging þjónustu á svæðinu og verndun blasir við en þetta er ekki svo einfalt. Fyrirhuguð gjaldtaka landeigenda Reykjahlíðar í Mývatnssveit er dæmi um þetta, en sveitarstjórn Skútastaðahrepps hefur þegar harmað gjaldtökuna, einkum og sér í lagi vegna þess að ekki liggur fyrir í hvað féð á að fara. Síðan er það hitt; stóra samhengið. Mývatnssveit hefur sem heild mikið aðdráttarafl og innan svæðisins eru einstök svæði sem ferðamenn sækja heim. Það virðist blasa við að samstaða um hvernig skuli standa að gjaldtöku á svæðinu er algjör forsenda þess að hægt sé að stunda hana. Mývetningar hafa til þessa verið þekktir fyrir að ná að deila um ótrúlegustu hluti af mikilli hörku. Það er alls óvíst hvort stjórnvöld landsins verða einhver konar sáttasemjari þegar þessi ákvörðun er annars vegar.



3 Þingvellir – er það góð hugmynd?

Þingvellir eru í hugum margra einn fallegasti og sögulegasti staður á Íslandi. Er þó af nógu að taka í þeim efnum, hvort sem það er náttúrufegurðin eða sögulegar rætur sem heilla við staðinn. Fyrst það stendur til að hefja gjaldtöku við ferðamannastaði hlýtur það að koma til greina við Þingvelli. En eitthvað segir manni að það verði ekki auðvelt í útfærslu. Erlendir ferðamenn eru vissulega stór hluti þess hóps sem heimsækir þennan einstaka stað á hverju ári en hann er líka mikill griðastaður í hugum Íslendinga. Um leið og gjaldtaka hefst mun það hafa stuðandi áhrif á þann hóp Íslendinga sem nýtir sér svæðið mikið til útvistar. Ég held að þetta sé stærri hópur en margir gera sér grein fyrir og ef ekki tekst að finna lausn þar sem hin afar mikilvæga víðtæka sátt er leiðarstefið í allri nálgun gæti gjaldtakan orðið að pólitísku vandamáli fyrir stjórnvöld. Hver er lausnin ef að það stendur til að hefja gjaldtöku yfir höfuð? Það er ekki gott að segja.



2 Fótum troðið við Gullfoss

Það kann að virka augljóst að hefja gjaldtöku á fjölförnum vinsælum ferðamannastöðum, eins og við Gullfoss, en Kjarninn hefur grunsemdir um að þannig verði það ekki þegar á reynir. Skilningur á því að byggja þurfi upp aðstöðu við Gullfoss er nokkuð almennur en vandamálin munu skapast þegar fólk á að fara að borga á staðnum. Má ég ekki skoða Gullfoss án þess að þurfa að borga fyrir það? Svona munu margir spyrja sig og töluverður hópur fólks mun ekki sætta sig við þetta. Hann mun hafa hátt. Kannanir benda líka til þess að fólk sé alls ekki tilbúið að greiða við þessa vinsælustu staði, nema þá lítið eitt. Fyrirsjáanlegt er að vandamál muni skapast við Gullfoss.



1 Dettifoss miðpunktur deilna

Deilurnar um gjaldtökuna við ferðamannastaði munu að mati Kjarnans ná hámarki þegar gjaldtakan kemur ofan í aðrar deilur sem hafa verið fyrir. Hin umtalaða víðtæka sátt verður ekki að veruleika nema búið verði að koma sér saman um lausn á því hvernig ferðaþjónustan á að virka heildstætt. Við Dettifoss, vatnsmesta og hrikalegasta foss Evrópu, hefur lengi verið deilt um fyrirkomulag samgangna, samspil svæðisins við Vatnajökulsþjóðgarð og raunar ýmislegt fleira. Þótt það sé vel raunhæft að rukka inn að Dettifossi, í ljósi þess að bílastæði, salernisaðstaða og slíkt er fyrir á svæðinu, gæti það samt verið eins og olía á eld að hefja gjaldtöku á svæðinu án þess lægja öldurnar um aðra þætti fyrst.


Ótakmörkuð símtöl og SMS
óháð kerfi í alla farsíma og heimasíma á Íslandi
Skiptu yfir í
Vodafone RED ›

Stríð gegn háhraðaviðskiptum

Michael Lewis skrifar gegn háhraðaviðskiptum í nýrri bók.



VIÐSKIPTI
Hallgrímur Oddsson
@hallgrimurodds

Nýjasta bók rithöfundarins og viðskiptablaðamannsins Michael Lewis, Flash Boys: A Wall Street Revolt, hefur vakið harðar deilur um svokölluð háhraðaviðskipti (e. high frquency trading) á bandarískum hlutabréfamarkaði. Á Wall Street líta margir á bókina sem hreina stríðsyfirlýsingu gegn tilvist háhraðaviðskipta og telja söguna ósanngjarnan hálfsannleik. Lewis er einn vinsælasti viðskiptarithöfundur heims og hafði sjálfur sagt að efni bókarinnar væri eldfimt. Óvíst er þó hvort hann bjóst við því að Alríkislögregla Bandaríkjanna, FBI, myndi á útgáfudegi bókarinnar senda frá sér tilkynningu um að viðskipti af þessu tagi séu til rannsóknar. Þótt ekki hafi verið minnst á bókina í fréttatilkynningu FBI sáu flestir þar augljósa tengingu, en FBI greindi frá því að rannsóknin hafi staðið yfir í rúmt ár. Auk þess hefur Eric Schneiderman, ríkissaksóknari New York-fylkis, tjáð sig opinberlega eftir útgáfu bókarinnar og sagt að tilteknir viðskiptahættir háhraðafjárfesta séu til rannsóknar sem mögu-leg efnahagsbrot.

„Flash Boys hefur einnig verið tengd við athugun fjárfestingarbankans Goldman Sachs á að loka svokallaðri „Dark Pool“-kauphöll sinni, Sigma X.“

Glugga í bók

Starfsmenn hins opinbera eru þó ekki þeir einu sem glugguðu í bókina. Hún hefur ítrekað ratað í fjölmiðla og var í byrjun apríl greint frá því að fjárfestingarfélagið Virtu Financial, sem sérhæfir sig í háhraðaviðskiptum, hefði ákveðið að fresta frumútboði hlutafjár (IPO) sem átti að fara fram síðar í mánuðinum. Ákvörðunin var tekin þrátt fyrir að Virtu komi aðeins einu sinni fyrir í bók Lewis, og það í undirmálsgrein. Þar er vísað í útboðsgögn og greint frá því að Virtu hafi á síðustu fimm árum skilað hagnaði hvern einasta dag, að undanskildum einum viðskiptadegi þar sem tap var rekið til „mannlegra mistaka“.

Flash Boys hefur einnig verið tengd við athugun fjárfestingarbankans Goldman Sachs á að loka svokallaðri „Dark Pool“-kauphöll sinni, Sigma X. Í slíkum kauphöllum ríkir

mikil leynd um bæði kaupendur og seljendur verðbréfa og fá dimmu kauphallirnar á baukinn í bók Lewis. Þær eru meðal annars sagðar veita háhraðafjárfestum enn meira forskot en þeir hafa þegar á aðra fjárfesta. Wall Street Journal greindi í síðustu viku frá áhyggjum Goldman Sachs, sem íhugar meðal annars lokun til að verja orðspor sitt.

ÁHÆTTULAUS HÁHRAÐAVIÐSKIPTI

Háhraðaviðskipti (e. high frequency trading) eru ekki ný af nálinni og eru í dag algengasta tegund hlutabréfaviðskipta í bandarískum kauphöllum. Viðskiptin byggja á reikniforritum sem vinna margfalt hraðar en það tekur manneskju að blikka augunum. Í bók Lewis er háhraðafjárfestum lýst þannig að þeir „hlaupi á undan“ fjárfestum á markaði, þ.e. tölvurnar skyni verðbreytingar millisekúndum á undan öðrum og þeir hagnist þannig með örsnöggum kaup- og sölutilboðum. Oft er hagnaðurinn aðeins eitt sent á hvert selt hlutabréf en í bókinni er fullyrt að samanlagður hagnaður nemi milljörðum dollara á ári hverju.

Forskot áhættufjárfesta byggir því á að vera fyrstir, meira að segja á undan hver öðrum. Í þeim tilgangi hafa þeir keppst við að færa tölvubúnað sinn sem næst tölvum kauphallanna, svo að boðleiðir séu sem stystar. Til rannsóknar er hvort þetta forskot sem millisekúndurnar veita feli í sér



innherjaupplýsingar sem búi til áhættulaus viðskipti fyrir fjárfestana (e. arbitrage). Fram til þessa hefur löggjafinn þó ekki aðhafst og raunar breytt reglum háhraðafjárfestum í hag.

„Rangt“ hlutabréfaverð

En um hvað fjallar nýjasta bók Michael Lewis? Flash Boys rekur sögu háhraðaviðskipta, kapphlaup fjárfesta um millisekúndur (það eru þúsundustu hlutar af sekúndu) til að sækja verðupplýsingar á undan öðrum og baráttu hinna sem leggjast gegn viðskiptaháttunum. Á sama tíma og bókin er fréttaskýring um örar breytingar hlutabréfamarkaða síðustu árin er hún fyrst og síðast sönn saga. Eins og Lewis er von og vísa er þar að finna bæði skúrka og hetjur og engum dylst hvoru megin höfundur stendur við víglínuna.

Ef einhver vafi lék á því hvað Lewis þykir um háhraðaviðskipti var honum eytt í fréttaskýringarþættinum 60 mínútum, sem fjallaði um efni bókarinnar daginn fyrir útgáfudag. Lewis kom fram í þættinum ásamt tveimur helstu „hetjum“ sögunnar. Í viðtali var haft eftir Lewis að bandarískur hlutabréfamarkaður væri „skakkur“ vegna háhraðafjárfesta.* Fullyrt er að hagnaður af „rangri“ verðlagningu renni í vasa slíkra fjárfesta á meðan aðrir, hvort heldur sem eru almennir fjárfestar eða stórir vogunarsjóðir, beri skarðan hlut frá borði. Þessi túlkun á hlutabréfaviðskiptum á Wall Street í dag kemur ítrekað fyrir í bókinni.


Rangt gefið

Bandaríska verðbréfamarkaðnum er stjórnað af stóru fiskunum í tjörninni.

Enska orðið „rigged“ kemur ítrekað fyrir í bók Lewis og í viðtali við 60 mínútur sagði hann: „Á verðbréfamarkaðnum í Bandaríkjunum, sem er mest áberandi markaður í hinu kapítalíska heimsskipulagi, er rangt gefið... af hálfu kauphallanna, stóru bankanna á Wall Street og háhraðamiðlaranna.“

Slær leyndarhjúp yfir almenna vitneskju

Ein sú gagnrýni sem bókin hefur hlotið, fyrir utan almenna reiði margra hagsmunaaðila, er hvernig Lewis fjallar um háhraðaviðskipti eins og um óþekkta jaðarstarfsemi sé að ræða. Staðreyndin sé sú að flest viðskipti í dag eru af þessu tagi, eins og raunar kemur fram í bókinni, og að þau hafi þegar verið í sviðsljósinu, ekki síst vegna „Flash crash“-lækkunarinnar á hlutabréfamörkuðum í maí 2010. Þá voru hraðamet slegin í lækkunum á vísitölum, sem risu á nýjan leik nokkrum mínútum síðar. Lækkanahrinan var rakin til háhraðaviðskipta.



Felix Salmon, viðskiptablaðamaður og pistlahöfundur hjá Reuters, er einn þeirra sem gagnrýnt hafa bókina. Hann segir Lewis hafa rétt fyrir sér um skaðsemi háhraðaviðskipta en ástæðurnar að baki séu rangar. Hann sakar Lewis um að fara með rangt mál um það hverjir tapi á viðskiptunum. Það séu ekki litlu fjárfestarnir, eins og haldið er fram í bókinni, enda séu þeir varðir með lögum fyrir mögulegri misnotkun háhraðafjárfesta.

Að mati Salmon er saga Lewis lituð af því að höfundur fylgdi eftir einstökum persónum, sem hafa hagsmuni af því að berjast gegn háhraðaviðskiptum, í blindni.

Frábær saga

Þótt deilt sé um inntak bókarinnar er frásagnargáfa Lewis óumdeild. Eins og í fyrri bókum hans, þar sem má nefna The Big Short og Liar's Poker, er frásögnin spennandi og afar lífleg. Hann hefur hæfileika til að binda flókna hluti saman í stuttar og einfaldar setningar, en það er ekki á færi allra að gera tölvuviðskipti á verðbréfamörkuðum spennandi.

Af yfirlögðu ráði er í þessari grein ekki sagt frá of miklu um framvindu sögunnar sjálfrar í Flash Boys, enda er af nógu að taka þegar kemur af eftirmálum hennar. Niðurlag bókarinnar er skrifað til þess að rífa umræður um viðskiptahætti á Wall Street upp á hárinu. Ég hvet alla sem áhuga hafa á málefninu til að lesa bókina, en þeir sem hafa áður lesið bækur eftir Lewis verða vafalaust heldur ekki fyrir vonbrigðum.

kjarninn 24. apríl 2014

Vannýtt dauðafæri

Framboðin í Reykjavík eru ráðalaus varðandi ófremdarástand í dagvistunarmálum.



Ægir Þór Eysteinsson blaðamaður og Þórður Snær Júlíusson, ritstjóri Kjarnans, ræða skóla- og dagvistunarmál og áherslur framboðanna í þeim efnum fyrir komandi sveitastjórnarkosningar 31. maí næstkomandi.

Framboðin virðast heldur hugmyndasnauð varðandi ófremdarástandið sem ríkir í dagvistunarmálum. Þá vekur furðu að minni framboðin nýti sér ekki dauðafærið og komi fram með raunhæfar lausnir.


Smelltu hér til að hlusta á þáttinn

Kjarnaofninn er liður í kosningaumfjöllun Kjarnans þar sem helstu kosningamál framboðanna eru rædd. Þættirnir birtast hér í Kjarnanum og í hlaðvarpsstraumi Kjarnans.


Landsvirkjun
Árið 2013 er komið á netið
Rafræn ársskýrsla Landsvirkjunar 2013 er komin út. Þetta er í fyrsta sinn sem ársskýrsla fyrirtækisins er eingöngu gefin út á rafrænu formi. Með þessu viljum við tryggja betra aðgengi að árlegu uppgjöri Landsvirkjunar.
Smelltu hér
til að skoða ársskýrslu Landsvirkjunar.
JÓNSSON & LE'MACKS • JÍLS • SÍA

Fylgi framboða til borgarstjórnar í Reykjavík

Samkvæmt nýjustu kosningaspá, gerðri 14. apríl 2014



REYKJAVÍK Turnarnir þrír á miðjunni halda Framsókn utan borgarstjórnar

Framsóknarflokkurinn langt frá því að ná inn

Framsóknarflokkurinn, sem leiðir ríkisstjórn um þessar mundir, fengi 2,8 prósenta fylgi ef kosið væri til borgarstjórnar Reykjavíkur í dag, samkvæmt kosningaspá Kjarnans og Baldurs Héðinssonar, doktors í stærðfræði. Fylgi flokksins minnkar lítillega á milli kosningaspáa og hann er langt frá því að ná manni inn. Raunar mjög langt. Af þeim fimm sem mælast næstir inn á eftir þeim 15 sem myndu ná kjöri á Framsókn engan. Dögun mælist á svipuðum slóðum og Framsóknarflokkurinn með rétt rúmlega tveggja prósenta fylgi sem virðist nokkuð stöðugt. Vinstrihreyfingin – grænt framboð virðist ekki eiga upp á pallborðið hjá kjósendum heldur og hefur lækkað töluvert á milli spáa. Nú er svo komið að flokkurinn þarf ekki að missa mikið fylgi til viðbótar til að missa sinn eina mann, Sóleyju Tómasdóttur, úr borgarstjórn. Stóru flokkarnir þrír, Samfylking, Björt framtíð og Sjálfstæðisflokkurinn, taka sem fyrr til sín þorra fylgisins. Samfylkingin mælist með fimm inni en hinir tveir með fjóra hvor um sig. Næsti maður inn samkvæmt spánni kemur frá Bjartri framtíð. **ÞSJ**


Aðferðin

Forsendur spárinnar

Kosningaspa.is sameinar niðurstöður skoðanakannana við útreikning á fylgi flokka. Hverri könnun er gefið vægi sem ákvarðast af þremur þáttum: Hvar og hvenær könnunin er framkvæmd og hversu margir taka þátt. Því er spáin vegið meðaltal af könnunum. Nánar

Þróun á fylgi flokka og fjölda borgarfulltrúa á flokk í Reykjavík

Kosningaspá keyrð á tímabilinu 26. febrúar til 14. apríl 2014




Þróun á fjölda fulltrúa	4	4 ⇨ 5	5 ⇨ 4	4 ⇨ 4	4 ⇨ 4
	0	0 ⇨ 0	0 ⇨ 0	0 ⇨ 0	0 ⇨ 0
	5	5 ⇨ 4	4 ⇨ 4	4 ⇨ 4	4 ⇨ 4
	3	3 ⇨ 4	4 ⇨ 4	4 ⇨ 4	4 ⇨ 5
	0	0 ⇨ 0	0 ⇨ 0	0 ⇨ 0	0 ⇨ 0
	1	1 ⇨ 1	1 ⇨ 1	1 ⇨ 1	1 ⇨ 1
	2	2 ⇨ 1	1 ⇨ 2	2 ⇨ 2	2 ⇨ 1

Röðun fulltrúa samkvæmt nýjustu spá

Fimmtán fulltrúar eru kjörnir í borgarstjórn

Björt framtíð · Framsóknarflokkur · Sjálfstæðisflokkur · Samfylkingin · Dögun · Vinstri græn · Pírataflokkurinn

1	S1	6	D2	11	V1	*16*	*A5*
2	A1	7	Þ1	12	S4	*17*	*Þ2*
3	D1	8	S3	13	A4	*18*	*D5*
4	S2	9	A3	14	D4	*19*	*S6*
5	A2	10	D3	15	S5	*20*	*A6*



Vikmörk í nýjustu spá

A 2,9%	T 1,0%
B 1,1%	V 1,7%
D 2,8%	Þ 2,0%
S 2,9%	

Kannanir í nýjustu spá

Gerðri 14. apríl 2014

- Stöð 2 og Fréttablaðið 12. mars 2014
- Félagsvísindastofnun 17. til 23. mars 2014
- Þjóðarpúls Capacent 19. mars til 10. apríl 2014


Brýnt að hafa Plan B

Uppgangur Creditinfo hefur verið ævintýri líkastur frá stofnun fyrirtækisins.



Árið 1997 stofnuðu þrír frumkvöðlar fjárhags- og viðskiptaupplýsingafyrirtækið Creditinfo. Þremenningarnir leigðu sér lítið húsnæði við Laugaveg og keyptu tölvu og notuð húsgögn frá Ríkiskaupum. Í dag starfa hátt í þrjú hundruð manns hjá fyrirtækinu í sautján löndum. Ægir Þór Eysteinsson blaðamaður hitti Reyni Grétarsson, stofnanda og stærsta eiganda Creditinfo, og ræddi uppgang fyrirtækisins á síðustu árum.

Kjarninn, Keldan og Arion banki hafa tekið höndum saman um að fjalla ítarlega um StartUp Reykjavík verkefnið, frumkvöðla og íslensk nýsköpunarfyrirtæki.



SJÖ SPURNINGAR

Lára Björg Björnsdóttir

blaðakona og rithöfundur

Hvað gleður þig mest þessa dagana?

Ég er í mjórri kantinum og á pening.

Hvað gerðir þú skemmtilegt um páskana?

Ég heimsótti landsbyggðina um páskana og fór norður en það gerði ég síðast haustið 2011. Ég hef ekki þorað út á land síðan ég las Ég man þig eftir Yrsu. Í alvöru. Hver þorir með alla þessa drauga ráfandi um heiðarnar?

Hvaða hljómsveit er best á balli?

Heldur þú að ég hafi tíma til að fara á ball?

Hvaða bók lastu síðast?

Ég man það ekki. Ég á tveggja ára gamlan son sem hefur sofið þrisvar í gegnum nóttina síðan hann fæddist.

Hvert er uppáhaldslagið þitt?

Þetta er auðvelt. Það er auðvitað Always með Bon Jovi, sungið af mér.

Til hvaða ráðherra berðu mest traust?

Það er auðvitað ógerningur að gera upp á milli allra framsóknarráðherranna svo ég verð að segja Illugi, Bjarni og Hanna Birna. Ég treysti þeim.


Mig dreymdi einu sinni Hönnu Birnu þegar ég var, eins og svo oft, brjáluð út í kerfið og hún bjargaði málunum. Það hlýtur að segja eitthvað.

Ef þú ættir að fara til útlanda á morgun og mættir velja land, hvert myndir þú vilja fara?

Róm. Það er vegna þess að ég elska kolvetni, rauðvín og Ítali. Síðan eru heimamenn einstaklega hrifnir af mér því ég skil þá og þeir skilja mig.

Ertu bíldælingur*

eða fílarðu fulla þjónustu á sjálfsafgreiðsluverði?



*Bíldælingur er manneskja sem kýs að dæla sjálf þótt hún fái fulla þjónustu og eldsneytislítrann á sjálfsafgreiðsluverði.

Milli kl. 7:30 og 19:30 eru allar dælur jafnar á eftirtöldum stöðvum:

- N1 Ártúnshöfða
- N1 Bíldshöfða
- N1 Borgartúni
- N1 Gagnvegi
- N1 Háholti
- N1 Hringbraut
- N1 Lækjargötu
- N1 Stórahjalla

Komum af stað!

N1

AF NETINU

Samfélagið segir

um væntanlegt framboð Guðna Ágústssonar

Facebook



BERGSTEINN SIGURÐSSON

Týpískt hjá Framsókn að gefast upp á úthverfastefnunni og veðja á einhvern hipster úr 101.

þriðjudagur 22. apríl 2014



JÓNAS KRISTJÁNSSON

Kannski hafa gerðir Guðna hentað kjósendum í sveitum. En hafa jafnan verið mótdrægar Reykvíkingum og borginni.

miðvikudagur 23. apríl 2014

ANNA MARÍA SIGURDARDOTTIR

Fylgi Guna er vanmeti. Hann mun tæta fylgi af sjálfstæisflokknum.

þriðjudagur 22. apríl 2014

Twitter



ARNA SCHRAM @Arnaschram

Ef Guðni fer fram í borginni fáum við kannski mælingu á gömlu elítuna. Það yrði forvitnilegt. Mín spá er svona 2,5%.

laugardagur 19. apríl 2014




GUÐMUNDUR K. JÓNSSON @gudmkri

Miðað við að Guðni Ágústsson var 49 ára þegar Google var stofnað þá er sláandi hvað það kemur mikill skítur upp þegar maður gúgglar hann.

mánudagur 21. apríl 2014

ANGEL @Freyjasollilja



"framsókn framsókn framsókn framsókn guðni ágústsson óskar bergsson ég er pirrandi blablablala" -mamma

þriðjudagur 22. apríl 2014

BAKHERBERGIÐ

Ragnar Z. vildi sjá sparisjóðaskýrsluna kynnta

Skýrsla rannsóknarnefndar um sparisjóðina var kynnt í Iðnó fyrir skemmstu. Mun færri var hleypt inn til að vera viðstaddir kynninguna en vildu. Fjölmiðlafólk hafði þar forgang umfram aðra. Í Bakherberginu er það haft eftir þeim sem voru á staðnum að einn þeirra sem hafi viljað vera viðstaddur kynninguna, en ekki fengið, hafi verið Ragnar Z. Guðjónsson, fyrrum sparisjóðsstjóri Byrs. Töluvert er fjallað í skýrslunni um hann og hans verk. Ragnar var í júní 2012 dæmdur í fjögurra og hálfs árs fangelsi fyrir þátt sinn í Exeter-málinu svokallaða.

Boltastrákar með fjármálafortíð byggja hótel


Hótel spretta nú upp eins og gorkúlur í miðborg Reykjavíkur og iðnaðarmenn vinna yfirvinnu við að koma þeim í stand fyrir sumarvertíðina. Eitt slíkt er við Laugaveg 66 og hefur risið á ljóshraða. Í Bakherbergjunum er pískrað um að þeir sem standi að framkvæmdinni séu tveir gamlir boltastrákar, Gunnar Gunnarsson og Birkir Kristinsson. Gunnar er lögfræðingur og var einn aðalmaðurinn í Milestone-samsteypunni fyrir hrun. Birkir starfaði í Glitni á sama tímabili. Hann hefur verið ákærður af sérstökum saksóknara fyrir umboðssvik og markaðsmisnotkun.













Mynd: AFP

Fjölskyldur fjallamanna fái meira

Eftir harmleikinn í hlíðum Everest-fjalls á föstudag þar sem 13 sjerpar fórust í klakaflóði lögðu innfæddir fjallaleiðsögumenn niður störf og kröfðust hærri lífeyrisgreiðslna vegna þeirrar miklu hættu sem felst í starfi þeirra. Yfirvöld í Nepal ákváðu á þriðjudag að verða við óskum sjerpanna.



Moyes fékk tíu mánuði í Manchester

Hörmungartímabil knattspyrnustjórans David Moyes er nú á enda. Manchester United sagði honum upp störfum á þriðjudag. Ryan Giggs mun stýra liðinu í leikjunum fjórum sem eftir eru af tímabilinu. Fallið úr Meistaradeildinni er sagt hafa fyllt mælinn, en United situr nú í sjöunda sæti ensku úrvalsdeildarinnar.

Mynd: AFP



Ekki er allt sem sýnist í Norður-Kóreu
Útlit er fyrir að heilbrigðiskerfi alræðisríkisins í Norður-Kóreu sé að falla og að nýjar kynslóðir séu mun meðvitaðari um bágt ástand sitt. Frá þessu greinir breska blaðið The Guardian. Jafnvel þó að algerlega frírri heilsugæslu hafi verið lofað eru lyf orðin það dýr að fólk er farið að nota amfetamín við sjúkdómum.

Mynd: AFP



Óeirðir í fátækrahverfunum
Athygli umheimsins hefur undanfarið snúist að Brasilíu því þar hefst Heimsmeistarakeppnin í fótbolta í júní. Stjórnvöld þar í landi hafa því lagt mikið kapp á að leysa upp mótmæli og óeirðir. Upp úr sauð í einu af fátækrahverfunum (p. favelas) í Rio de Janeiro á dögunum svo að sérsveit var kölluð til.


Mynd: AFP



Biden í Úkraínu
Joe Biden, varaforseti Bandaríkjanna, var í opinberri heimsókn í Úkraínu í byrjun vikunnar til að undirstrika enn betur samstöðu Vesturlanda með Úkraínu gegn Rússlandi Pútíns. Biden hélt meðal annars fréttamannafund með Arsení Jatsenjúk þar sem hann sagði Rússa vera að reyna að slíta Úkraínu í sundur.

Mynd: AFP

Eirberg



1. Hljóðnemar
2. Þrýstijöfnunarsvampur
3. Stöðuskynjarar
4. Lofthólf
5. Svamplag



SISSEL®

SILENCIUM hrotukoddinn

Koddinn sem kemur í veg fyrir hrotur og veitir þér og makanum endurnærandi svefn.

Sissel Silencium er gagnvirkur koddi sem byggir á einstakri tækni sem tryggir góðan nætursvefn bæði fyrir þann sem hrýtur og maka sem oft finna fyrir lakari svefngæðum.



Sissel Silencium skynjar bæði hljóð og stöðu höfuðsins á koddanum meðan þú sefur. Þegar innbyggðir hljóðnemar í koddanum nema hrotur eru lofthólf á ákveðnum stöðum í koddanum blásin upp þannig að höfuðið færist hægt og rólega yfir í aðra stöðu.

Prófaðu áður en þú kaupir.
Hægt er að leigja koddann í allt að 10 daga fyrir 500 kr. á sólarhring. Leigan gengur upp í verðið á nýjum kodda.

Með því að færa höfuðið í aðra stöðu eykst fjarlægðin milli tungunnar og koksins þannig að öndunarvegurinn opnast og hroturnar hætta. Ef þessi hreyfing er ekki nægjanleg heldur koddinn áfram að hreyfa höfuðið til hliðar, upp eða niður þar til hroturnar stöðvast.

Hægt er að tengja koddann við tölvu til að skoða virkni hans og mæla á hlutlægan hátt hversu mikið koddinn dregur úr hrotunum.

Verð: 110.950 kr.

Eirberg ehf. Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



SPES Forstjórar skyndibitakeðja í Bandaríkjunum mala gull á meðan starfsmenn svelta

Stjarnfræðilegur launamunur í ruslfæðinu

Starfsmenn skyndibitakeðja í Bandaríkjunum þéna að meðaltali níu Bandaríkjadali á klukkutímann, en bágborin launakjör þeirra hafa verið reglulega til umfjöllunar í þarlendum fjölmiðlum.

Samkvæmt fjölmiðlum vestan hafs greiddi matvælafyrirtækið YUM!, móðurfélag KFC, Taco Bell og Pizza Hut, forstjóranum sínum 22 milljónir Bandaríkjadala í laun á síðasta ári. Forstjóri McDonalds fékk heldur minna, 7,7 milljónir Bandaríkjadala.

Meðallaun forstjóra í skyndibitageiranum hafa fjórfaldast síðan árið 2000. Í ruslfæðinu hafa topparnir yfir þúsundföld laun hinna lægst launuðu, sem er mesti launamunur í bandaríska hagkerfinu. Til samanburðar má nefna að forstjórar smásölufyrirtækja í Bandaríkjunum eru með 304-föld laun þeirra sem minnst þéna í geiranum, og í byggingageiranum er munurinn 93-faldur.

Lág laun í ruslfæðisgeiranum hafa orðið til þess að ríflega helmingur þeirra lægst launuðu neyðast til að framfleyta sér og sínum með félagslegum úrræðum.

Emil B. Karlsson
Forstöðumaður Rannsóknarseturs verslunarinnar

Þrengt að samkeppnisstöðu Íslands

Emil B. Karlsson skrifar um áhrif fríverslunarsamnings ESB og Bandaríkjanna á íslensk fyrirtæki og efnahagslíf.

Fríverslunarsamningur Evrópusambandsins og Bandaríkjanna kann að hafa umtalsverð áhrif á samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs. Það væri því skynsamlegt að meta áhrifin af því þegar þessi stærsti fríverslunarsamningur allra tíma verður gerður milli Evrópusambandsins og Bandaríkjanna – samningur sem nær til þriðjungs allra viðskipta í heiminum. Líklegt er að samningurinn geti haft áhrif á það hvort íslensk útflutningsfyrirtæki kjósi að hafa starfsemi sína hér á landi eða í einhverju ESB-landanna.



Engin aðkoma Íslands og Noregs

Íslendingar hafa ekki aðkomu að gerð fríverslunarsamningsins frekar en Norðmenn, en þar í landi er talið að samningurinn geri norskum fyrirtækjum erfiðara um vik að markaðssetja vörur sínar og þjónustu bæði í ESB-löndum og í Bandaríkjunum.

Vidar Helgesen, Evrópumálaráðherra Noregs, segir við fréttaveituna NTB að fríverslunarsamningurinn muni gera norskum fyrirtækjum erfiðara um vik að selja vörur sínar í löndum ESB. Samningurinn auðveldi bandarískum fyrirtækjum að komast inn á evrópskan markað með vörur sínar og þjónustu, sem í sumum tilvikum sé í beinni samkeppni við framboð frá norskum fyrirtækjum.

Með tilkomu fríverslunarsamningsins verður fyrirtækjum sem hafa aðsetur innan ESB gert auðveldara að komast inn á Bandaríkjamarkað en fyrirtækjum í löndum utan bandalagsins. Þannig verður auðveldara fyrir fyrirtæki sem skráð er í einhverju ESB ríkjanna að koma vörum sínum og þjónustu á Bandaríkjamarkað en fyrirtæki sem býður sams konar vöru eða þjónustu og er skráð á Íslandi eða í Noregi. Þetta gæti hugsanlega haft áhrif á það hvort fyrirtæki kjósi að hafa starfsstöð sína hér á landi eða innan ESB.

„Stefnt er að því að viðræðum ljúki seinni hluta 2015 og samningurinn taki gildi í kjölfarið. Ekki er því eftir neinu að bíða með að meta hugsanleg áhrif hér á landi frekar en að fljóta sofandi að feigðarósi.“

Samningaviðræðurnar snúast að miklu leyti um að ryðja úr vegi ýmsum viðskiptahindrunum til að auðvelda fyrirtækjum að koma vörum sínum á markað án of mikillar skriffinnsku, prófana eða leyfisveitinga sem nú þarf að uppfylla. Þannig verði ýmsar gæðakröfur samræmdar, sem geri það að verkum að tæknifyrirtæki innan ESB þurfi ekki að afla sérstakra leyfa frá bandarískum stjórnvöldum til að koma vöru sína á markað þar í landi heldur nægi að uppfylla skilyrði í heimalandinu. Sama á við um fyrirtæki sem selja þjónustu og hugbúnað. Það er einmitt fyrirtæki af þessu tagi sem venjulega eru skilgreind sem nýsköpunarfyrirtæki og eru helstu vonarstjörnur fyrir vöxt íslensks atvinnulífs. Með samningi ESB og Bandaríkjanna má því ætla að líkur aukist á því að þessi tegund fyrirtækja kjósi frekar að eiga starfsstöð sína innan ESB en í landi sem er utan þess.

Væntingar um hagvaxtaráhrif í löndum ESB

Miklar væntingar eru bundnar við efnahagsleg áhrif af samningnum. Í rannsókn sem framkvæmdastjórn ESB lét gera segir að samningurinn gæti leitt til hagvaxtar í ESB-löndunum sem samsvarar því að ráðstöfunarfé hverrar fjölskyldu aukist um u.þ.b. 100 þúsund krónur á ári. Auk þess er gert ráð fyrir 400 þúsund nýjum störfum innan ESB í kjölfar samningsins. Sem dæmi um væntingar í öðrum löndum má nefna að samkvæmt mati sænska viðskiptaráðsins er gert ráð fyrir að samningurinn leiði til þess að útflutningur frá Svíþjóð til Bandaríkjanna aukist um 17%. Auk þess ykist landsframleiðsla í Svíþjóð aukalega um 0,2% á hverju ári í kjölfar samningsins.

Stefnt er að því að viðræðum ljúki seinni hluta 2015 og samningurinn taki gildi í kjölfarið. Ekki er því eftir neinu að bíða með að meta hugsanleg áhrif hér á landi frekar en að fljóta sofandi að feigðarósi.


Staða Íslands

Vera má að einhverjir ráðamenn telji að Ísland geti stokkið um borð í samningalestina sem farin er af stað og notið góðs af. Ísland hefur hingað til notið góðs af innri markaði ESB og viðskiptahindrunum sem rutt hefur verið úr vegi innan bandalagsins. En nú horfa hlutirnir öðruvísi við. Það er líka af sem áður var að lega Íslands mitt á milli Evrópu og Bandaríkjanna styrkti samningsstöðu okkar í milliríkjasamningum við önnur vestræn ríki. Ekki er heldur hægt að treysta á að vegna smæðar okkar leyfi bandalagsríkin vestan- og austanhafs okkur að verða aðilar að samningnum eða að EES-samningurinn gefi okkur forskot. Fordæmisgildið kæmi í veg fyrir það.

Spurningarnar sem þarf að leita svara við eru hver áhrif samningsins eru á möguleika Íslands til að halda hér á landi þeim fyrirtækjum sem starfa á alþjóðamarkaði og hvernig hægt er að tryggja nýjum sprotafyrirtækjum aðstæður til að vaxa og dafna við þessar aðstæður. Annars er hættan sú að við verðum óvænt skilin eftir úti í kuldanum þegar bandalagsríkin tvö taka höndum saman um að styrkja viðskipti sín á milli.

Er heimsmyndin í molum?

Á verkstæði Macland færðu nýjan skjá og línurnar skýrast.



Laugavegur 17 | Sími: 580 7500 | hjalp@macland.is | **macland.is**

macland

kjarninn 24. apríl 2014

Íþróttaborgin Reykjavík

Eva Einarsdóttir borgarfulltrúi fjallar um að aðstaða til íþróttaiðkunar í Reykjavík sé á heimsmælikvarða.

Reykjavík kemur iðulega fyrir í umfjöllunum erlendra fjölmiðla yfir spennandi áfangastaði til að heimsækja. Enda ekki að undra. Borgin okkar býður upp á svo ótalmarga möguleika til að njóta lífsins með fjölskyldu og vinum. Reykjavík er jólaborg, vetrarborg, bókmenntaborg, menningarborg, ráðstefnu- og viðburðaborg og hefur á síðustu árum markað sér braut sem æðisleg tónlistarborg með Airwaves, Jazzhátíð og fleiri hátíðum í fararbroddi. Það er stutt í spennandi náttúru og borgin okkar er falleg og sjarmerandi á öllum tímum ársins.



Það sem hins vegar ratar ekki alltaf í fjölmiðla er að Reykjavík er sannkölluð íþróttaborg. Þrátt fyrir að vera lítil borg búum við yfir aðstöðu til íþróttaiðkunar sem oft er á heimsmælikvarða. Laugardalurinn er til dæmis einstakt grænt svæði þar sem almenningur getur nýtt sér svæðið

til dægradvalar og okkar færustu íþróttamenn æfa við góð skilyrði.

Ég hef átt ófá samtöl við erlenda gesti, fólk innan íþróttahreyfingarinnar, sem þykir mikið til koma yfir þeirri aðstöðu sem við búum yfir hér í borginni. Aníta Hinriksdóttir, ein af okkar helstu íþróttastjörnum í dag, hefur oftar en einu sinni talað um að í Reykjavík sé gott að æfa og ég hef heyrt marga afreksmenn taka í sama streng.

„Áherslan á þessu kjörtímabili hefur verið á börn og ungmenni og þátttöku þeirra í þróttastarfi. Þrátt fyrir að margt hafi þurft að skera niður hefur okkur þótt mikilvægt að standa vörð um frístundakortið.“

Þar með er ég ekki að segja að allt sé fullkomið, og vissulega hallar meira á sumar greinar þegar kemur að aðstöðu. En við viljum halda áfram að byggja upp og hlúa að íþróttamenningunni í borginni.

Fyrir tveimur árum var unnin og samþykkt íþróttastefna fyrir Reykjavík til ársins 2020 sem var unnin var af borgaryfirvöldum í samvinnu við Íþróttabandalag Reykjavíkur og félögin í borginni. Í henni er komið inn á marga þætti, meðal annars þátttöku almennings og fjölskyldunnar í þróttum, aðgengi barna og ungmenna, áherslur í innra starfi íþróttafélagana og þjónustu þeirra við íbúana. Einnig var mörkuð stefna í uppbyggingu og viðhaldi íþróttamannvirkja, rekstri íþróttafélaga og samskiptum íþróttahreyfingarinnar og borgaryfirvalda. Það er gott að hafa slíka stefnu sem leiðarljós og mikilvægt að sinna þessum þáttum vel.

Áherslan á þessu kjörtímabili hefur verið á börn og ungmenni og þátttöku þeirra í þróttastarfi. Þrátt fyrir að margt hafi þurft að skera niður hefur okkur þótt mikilvægt að standa vörð um frístundakortið. Einnig að halda áfram að viðhalda vexti og styðja við bakið á þeim íþróttaviðburðum sem fram fara í borginni, til að mynda Reykjavik International Games – Reykjavíkurleikunum, sem eru svo sannarlega stolt fyrir borgina. Mikið hefur verið gert fyrir sundlaugarnar í borginni eins og borgarbúar hafa orðið varir við og njóta góðs af, eins og erlendir ferðamenn.

Reykjavíkurmaraþonið er gott dæmi um annan árlegan viðburð sem bæði fær landann til að hreyfa sig, skapar stemmningu og dregur hingað fjölmarga erlenda keppendur og aðra gesti. Gerð hefur verið skýrsla um hagrænt gildi maraþonsins fyrir samfélagið, sem sýnir að þetta hefur jákvæð áhrif. Vinna er farin af stað í samvinnu við Menningar- og menntamálaráðuneytið um að skoða almennt hagræn áhrif íþrótta, sem ég vona að muni skila auknum skilningi á mikilvægi íþrótta, ekki bara lýðheilsulega heldur í stærra samhengi.

Fram undan eru margir stórir íþróttaviðburðir í Reykjavík. Í haust verður haldið Evrópumót í hópfimleikum þar sem von er á um 4.000 erlendum keppendum og gestum. Í byrjun júní 2015 hýsir borgin Smáþjóðaleikana, sem verða með stærri íþróttaviðburðum sem hafa verið haldnir hérlendis. Eins mun hér fara fram Evrópumót landsliða í skák. Reykjavík á því mikið inni við að markaðssetja sig frekar á erlendri grundu sem íþrótta- og lýðheilsuborg.

Síðustu fjögur ár hef ég líka starfað sem borgarfulltrúi Besta flokksins. Það hefur verið í mörg horn að líta og oftar en ekki líður mér eins og foreldri í starfinu, sem ekki vill gera upp á milli barna, í mínu tilviki málaflokkanna. Við viljum öll að velferðarþjónustan okkar sé í lagi, skóla- og frístundakerfið sé með sem allra besta móti, að samgöngur og umhverfi þjónusti okkur almennilega, að menningin blómstri og að hér sé öflugt og fjölbreytt atvinnulíf. Ég held að við getum látið alla þessa þætti mætast með öflugu íþróttastarfi. Auðvitað er margt sem þarf að halda áfram að byggja upp og bæta eins og í öðrum þáttum sem hér voru nefndir. Ég vil halda áfram taka þátt í þessari uppbyggingu fyrir Reykjavík.



PISTILL
Árni Helgason
lögmaður

Excel-skjalið sem gengur ekki upp

Árni Helgason veltir því fyrir sér hvort fólk vilji sætta sig við að hafa það svolítið skítt.

Það má segja margt um hrunið. Reyndar hefur verið sagt alveg gífurlega margt um þessa atburði og verður eflaust áfram. Skýrslur rannsóknarnefnda eru til dæmis býsna ítarlegar; skýrslan um sparisjóðina sem kom út á dögunum var hvorki meira né minna en 1.875 blaðsíður og mun væntanlega hafa þá stöðu í töluverðan tíma að fjöldi blaðsíðna verður nokkuð hærri en fjöldi þeirra sem hafa lesið skýrsluna. En allt er þetta dókumenterað og það er ágætt fyrir þá sem hafa áhuga á að lesa sér til.

Þótt nokkuð sé um liðið er fólk enn mjög upptekið af hruninu og það líður varla sá dagur að ekki sé minnst á þessa atburði í fréttum eða tali fólks. Í umræðunni heyrast alls konar skýringar á þessu, til dæmis að stjórnmálaflokkar og stjórnmálamenn hafi ekki gengið nógu langt í „að gera upp við fortíð sína“ eða mynda sér „trúverðuga framtíðarsýn“ eða „raunsæa utanríkisstefnu“. Sennilega eru skýringarnar jafn ólíkar og þær eru margar.

Dýrt að lifa

Ég held að stærsta ástæðan fyrir því hvað hrunið situr enn í mörgum sé ekki endilega tengd einhverjum stefnum stjórnmálaflokkanna eða öðru slíku, heldur einfaldlega því hversu erfitt það er fyrir venjulegt fólk að láta enda ná saman.

Ein af beinum afleiðingum hrunsins hefur nefnilega verið sú að allt hefur hækkað. Matur er miklu dýrari en áður og bensín er búið að margfaldast í verði. Það eru ekki ýkja mörg ár frá því að bensínlítrinn kostaði innan við 100 krónur. Í dag kostar hann um 250 krónur. Skattar hafa hækkað frá hruni og það er minna eftir í buddunni um mánaðamótin. Húsnæðisverð hefur hækkað, hvort sem er á leigumarkaði eða fyrir þá sem rembast við að borga af verðtryggðum skuldum.

„Ein af beinum afleiðingum hrunsins hefur nefnilega verið sú að allt hefur hækkað. Matur er miklu dýrari en áður og bensín er búið að margfaldast í verði.“

Húsnæði, skattar og framfærsla

Skoðum aðeins þann sem er með meðallaun í dag. Samkvæmt launakönnunum voru meðallaun á síðasta ári um 425 þúsund krónur. Þegar búið er að taka skatta af þeirri upphæð standa eftir um 298 þúsund krónur, að því gefnu að greitt sé í séreignalífeyrissjóð.

Segjum sem svo að meðallaunamaðurinn leigi íbúð á höfuðborgarsvæðinu fyrir 150 þúsund krónur á mánuði með öllu, sem telst ágætlega sloppið í dag. Hann á þar að auki lítinn bíl til að komast í og úr vinnu og til að sinna erindum. Ég geri ráð fyrir að viðkomandi búi einn og samkvæmt því er framfærsla samkvæmt Umboðsmanni skuldara 134 þúsund krónur á mánuði. Inni í þeirri tölu er matur, heimilisrekstur, samgöngur, til dæmis rekstur bifreiðar (bensín + viðhald), tómstundir, símakostnaður, lyf og þess háttar. Ekkert sældarlíf svo sem en það er hægt að hafa það þokkalegt fyrir þennan pening.

Leiga og framfærsla hjá þessum einstaklingi er því samtals um 284 þúsund krónur á mánuði. Nánast allt ráðstöfunarfé viðkomandi fer í að sinna þessum grunnþörfum. Samkvæmt þessu dæmi væru 14 þúsund krónur upp á að hlaupa þegar þetta hefur verið dregið frá. Og hér er ekki gert ráð fyrir neinu öðru. Ef bíllinn var til dæmis keyptur á bílaláni er ekki ólíklegt að greiða þurfi kannski 15-20 þúsund á mánuði. Ef viðkomandi tók námslán á sínum tíma þarf að borga LÍN um 15-20 þúsund á mánuði að jafnaði yfir árið í afborganir. Bara þessar tvær viðbótargreiðslur gera það að verkum að þessi einstaklingur er kominn niður fyrir núllið og borgar með sér.

(Ég ætla að taka fram að tölurnar hér eru ekkert heilagar eða hárnákvæmar, heldur fyrst og fremst til að reyna að varpa einhverri mynd á þetta. Upplýsingar um meðallaun eru teknar frá Hagstofunni, miðað er við meðallaun 2012 og reiknuð er hækkun sem kom til á síðasta ári. Þannig að ekki senda mér póst um að þið hafið ósamræmi í talnagögnum eða eitthvað slíkt.)

„Ekkert sældarlíf svo sem en það er hægt að hafa það þokkalegt fyrir þennan pening.“

Engin flugeldasýning

Og hér verður að hafa í huga að líf samkvæmt framfærslustuðlinum er engin flugeldasýning. Þar er ekki gert ráð fyrir utanlandsferð, heimilistækjakaupum, út að borða með vinunum eða neitt slíkt. Það er heldur ekki mikið svigrúm fyrir óvænt útgjöld, til dæmis þegar maður þarf að taka óvænta ferð til tannlæknis og reikningurinn fyrir smá lagfæringu er 50 þúsund kall.

Og jafnvel þótt það sé smá afgangur á mánuði upp á 10-20 þúsund gerir enginn mikið fyrir þann pening. Ef stefnan er að kaupa fasteign þarf að safna sér fyrir fyrstu útborguninni. Sá sem er með afgang upp á 20 þúsund á mánuði og ætlar sér að kaupa 25 milljóna króna íbúð þarf að eiga 15 til 20 prósent í útborgun, sem eru um 4 til 5 milljónir. Það tekur þannig um 200 til 250 mánuði að safna þessari fjárhæð, eða 17 til 21 ár.

Og þá yrði viðkomandi eigandi að 15 til 20 prósentum eigin fjár í íbúð en með verðtryggt lán á móti og alla áhættuna á sér að verðtryggingin éti upp eigið fé í íbúðinni í næsta verðbólguskoti. Spyrjið bara kynslóðina sem keypti sér árin 2005 til 2008.

Í grunninn skítt en reddast á endanum

Sem betur eru fæstir eins og fólk er flest og auðvitað er ekki hægt að lesa of mikið út úr svona tilbúnu dæmi, settu upp í Excel. Margir geta auðvitað unnið meira þegar þá vantar tekjur, aðrir spara og lifa á minna en sem nemur framfærslunni, sumir fá aðstoð frá foreldrum sínum og enn aðrir eiga smá sjóð eða annað í þeim dúr. En það er óneitanlega umhugsunarefni hvað skattar, húsnæðiskostnaður og hófstillt framfærsla á einum mánuði éta mikið upp af meðallaununum.

Þetta má ef til vill taka saman á þann hátt að fjárhagsstaðan hjá manni með íslensk meðallaun er þannig að í grunninn hefurðu það frekar skítt en á endanum geturðu haft það ágætt; eftir að hafa tekið nokkrar aukavaktir, fengið lán hjá foreldrunum, tæmt séreignarsparnaðinn og tekið smálán til að borga tannlækninum.

Svo er bara spurningin hversu lengi þetta kerfi gengur upp?

KVÍÐI, ÁLAG EÐA ORKULEYSI?





Burnirótin hefur reynst mér mjög vel við þunglyndi og kvíða. Ég er mun hressari á morgnana og hef meira úthald og orku allan daginn og mæli hiklaust með henni.

Sigþrúður Jónasdóttir



BURNIRÓTIN er talin góð gegn orkuleysi, kvíða, þunglyndi, getuleysi og streitu ásamt því að efla úthald og einbeitingu.

Fæst í apótekum, heilsubúðum, Hagkaupsverslunum (Smáralind og Spönginni) og Fjarðarkaupum.



anna rósa
GRASALÆKNIR



Triphala, hvað er nú það?

Indverska undraávaxtablandan triphala hefur náð nokkrum vinsældum á Vesturlöndum. Blandan gagnast sem lyf við ýmsum meltingarsjúkdómum.

LÍFSSTÍLL
Anna Rósa grasalæknir
www.annarosa.is

Triphala er ekki nafn á einni jurt heldur heiti á ævafornri blöndu af þremur indverskum ávöxtum: Haritaki (*Terminalia chebula*), bibhitaki (*Terminalia bellirica*) og amalaki (*Emblica officinalis*) í jöfnum hlutföllum. Triphala er ein elsta og þekktasta jurtablanda sem um getur á Indlandi en undanfarna áratugi hefur hún einnig náð miklum vinsældum á Vesturlöndum og er nýfarin að fást á Íslandi. Á Indlandi er triphala jafn vinsælt og lýsið hérlendis og þykir hafa ákaflega fjölbreytileg áhrif. Indverskt máltæki lýsir til dæmis ágætlega trú manna á þessa blöndu: „Ef þú ert

„Ef þú ert móðurlaus þarftu ekki að hafa áhyggjur svo lengi sem þú átt triphala!“

móðurlaus þarftu ekki að hafa áhyggjur svo lengi sem þú átt triphala!“ Amalaki, einn af ávöxtunum í triphala, inniheldur til dæmis mun meira magn af C- vítamíni en appelsínur og er C- vítamínið þar að auki hitaþolið. Triphala hefur bæði andoxandi og bólgueyðandi áhrif en er einna þekktast fyrir góð áhrif á meltingarsjúkdóma, og þá sér í lagi hægðatregðu. Triphala hefur öldum saman verið notað við eftirfarandi sjúkdómum:

- hægðatregða, meltingartruflanir, háar magasýrur, vindverkir, ristilkrampi, sáraristill
- offita
- hár blóðþrýstingur, hátt kólesteról
- bólgu- og gigtarsjúkdómar
- gláka, ský á auga, hvarmabólga (bæði innvortis og sem augnskol)
- hálsbólga og tannholdsbólga (bæði innvortis og sem munnskol)
- áunnin sykursýki
- krabbamein

Rannsóknir á triphala

Triphala hefur verið töluvert rannsakað en eins hafa allir þrír ávextirnar í triphala verið rannsakaðir hver í sínu lagi. Tvær klínískar rannsóknir hafa sýnt að munnskol úr triphala hefur bakteríudrepandi áhrif í munni og dregur úr tannsteini, tannholdsbólgu og skán. Rannsókn á 62 offitusjúklingum yfir þriggja mánaða tímabil sýndi að þeir sem fengu triphala léttust meira en þeir sem fengu lyfleysu. Rannsóknir á heilbrigðum einstaklingum leiddu í ljós að triphala styrkir ónæmiskerfið og gæti gagnast þeim sem eru með HIV/AIDS. Rannsókn á 141 einstaklingi með augnþreytu vegna tölvunotkunar leiddi í ljós að triphala-augndropar drógu úr augnþreytu, og rannsókn á 150 sjúklingum með áunna sykursýki sýndi lækkun á blóðsykri með triphala. Ofangreindar rannsóknir hafa verið klínískar, þ.e. gerðar á mönnum, en þar að auki hafa verið gerðar ótalmargar rannsóknir á áhrifum triphala í tilraunaglösum og á dýrum.

Þessar rannsóknir hafa meðal annars leitt í ljós að triphala getur styrkt ónæmiskerfið, verndað gegn geislum og hamlað vexti krabbameinsfrumna ásamt því að vera bólgueyðandi, andoxandi, bakteríu-, veiru- og sveppadrepandi og hægðalosandi. Rannsóknir hafa einnig sýnt að triphala lækkar blóðþrýsting, blóðsykur, kólesteról og magasýrur, græðir sár og hefur jákvæð áhrif á gigtarsjúkdóma, þvagfærasýkingar, ský á auga, niðurgang og stress ásamt því að draga úr tannskemmdum.

Skammtar

3-6 g á dag. Hefðbundið er að taka 2 g á morgnana og 2 g einni klukkustund eftir kvöldmat. Triphala fæst í töflum í heilsubúðum og apótekum. Á Indlandi tíðkast að hræra triphala-dufti saman við vatn, hunang og skírt smjör (ghee).

HEIMILDIR

Bag A, Bhattacharyya SK, Pal NK. Antibacterial potential of hydroalcoholic extracts of triphala components against multidrug-resistant uropathogenic bacteria--a preliminary report. Indian J Exp Biol. 2013 Sep;51(9):709-14.

Baliga MS, Meera S, Mathai B, Rai MP, Pawar V, Palatty PL. Scientific validation of the ethnomedicinal properties of the Ayurvedic drug Triphala: a review. Chin J Integr Med. 2012 Dec;18(12):946-54.

Baliga MS. Triphala, Ayurvedic formulation for treating and preventing cancer: a review. J Altern Complement Med. 2010 Dec;16(12):1301-8.

Kamali SH, Khalaj AR, Hasani-Ranjbar S, Esfehani MM, Kamalinejad M, Soheil O, Kamali SA. Efficacy of ‚Itrifal Saghir', a combination of three medicinal plants in the treatment of obesity; A randomized controlled trial. Daru. 2012 Sep 10;20(1):33.

Narayan A, Mendon C. Comparing the effect of different mouthrinses on de novo plaque formation.
J Contemp Dent Pract. 2012 Jul 1;13(4):460-3.

Phetkate P, Kummalue T, U-Pratya Y, Kietinun S. Significant increase in cytotoxic T lymphocytes and natural killer cells by triphala: a clinical phase I study. Evid Based Complement Alternat Med. 2012.

Rajan SS, Antony S. Hypoglycemic effect of triphala on selected non insulin dependent Diabetes mellitus subjects. Anc Sci Life. 2008 Jan;27(3):45-9.

Srinagesh J, Krishnappa P, Somanna SN. Antibacterial efficacy of triphala against oral streptococci: an in vivo study. Indian J Dent Res. 2012 Sep-Oct;23(5)

Srinagesh J, Pushpanjali K. Assessment of antibacterial efficacy of triphala against mutans streptococci: a randomised control trial. Oral Health Prev Dent. 2011;9(4):387-93.

Suresh Kumar Gupta, V. Kalaiselvan, Sushma Srivastava, Shyam S. Agrawal, and Rohit Saxena. Evaluation of anticataract potential of Triphala in selenite-induced cataracts: In vivo and in vitro studies. J Ayurveda Integr Med. 2010 Oct-Dec; 1(4): 280–286

APPIÐ

Rakel Tómasdóttir
hönnunarnemi
„Ég nota iPhone5“



VSCO CAM

Ég er alveg hætt að nota Instagram-síur á myndirnar mínar, þær fara allar í gegnum VSCO áður en ég pósta. Appið er með fullt af mynd-vinnslustillingum og síum sem gera myndirnar mjög heillandi án þess að vera of ýktar.

PINTEREST

Það er hálf vandræða-legt hvað ég eyði miklum tíma í að skoða myndir á Pinterest. Þar finnur maður myndir af öllu milli himins og jarðar en ég skoða mest alls konar plaköt, letur og teikningar.

SIMPLE-NOTE

Mjög einfalt app þar sem maður skrifar eitt-hvað niður, sem svo samstillist við bæði tölvuna og iPadinn. Það eru engar flóknar stillingar eða flokkanir, það er líklega þess vegna sem ég fíla það, maður skrifar bara og þá er það komið.

TÆKNI Mannlausum laser-jeppa stjórnað með snjalltækinu


Nýjasti hugmyndabíll Land Rover-jeppa-framleiðandans er mögulega notenda-vænsti fjallabíll sem við gætum hugsað okkur. Land Rover Discovery Vision er ætlað að vera næsta kynslóð Discovery-línunnar. Billinn er enn á hugmynda-stigi og ekki farinn í fjöldaframleiðslu. Kynningarefnið nægir þó til að sýna að bílnum má stjórna með iPad-snjaldtölvu, hann skýtur laser-geislum til að koma í veg fyrir að blinda ökumenn sem koma úr gangstæðri átt og varpar mynd á veginn til að veita ökumanninum upplýsingar um hver besta leiðin sé yfir hrjóstrugt landslag. **BÞH**

Í framrúðu bílsins getur ökumaðurinn alltaf séð gagnvirkar upplýsingar um hvar best sé að aka.

Þegar fjallastilling bílsins er valin sendir hann geisla á landslagið fram undan og birtir upplýsingar um farsælustu leiðina fram á við.

Það getur verið erfitt að átta sig á stærð bílsins að framan, því vélarhlífin er oft fyrir. Land Rover leysti þetta vandamál með því að gera húddið „gegnsætt“.

Bílnum má fjarstýra með snjalltæki eins og James Bond gerði í Tomorrow Never Dies. Land Rover leyfir þó ekki Bond-hraða í fjarstýringu, enda er tækninni ætlað að auðvelda yfirferð erfiðra vega.



SMASSSALAT



PANTA & SÆKJA

5 78 78 74

SAFFRAN



Kafteinn Tunglskot vísar leiðina

Google hefur umbylt þeim veruleika sem við þekkjum. Þetta næstverðmætasta fyrirtæki Bandaríkjanna er alls ekki hætt.

MARKAÐSMÁL
Jón Heiðar Þorsteinsson
@Jonheidar

Þegar hugmyndin að þessari grein kviknaði átti útgangspunkturinn að vera að Google-fyrirtækið ætlaði sér að breyta heiminum. Auðvitað leið ekki á löngu þar til ég áttaði mig á því að Google hefur nú þegar umbylt veröld okkar flestra. Sögnin að gúgla er komin með óopinberan þegnrétt í íslensku máli og vísar til þess að við getum hvar og hvenær sem er sótt okkur þekkingu og upplýsingar um næstum því hvað sem er. Það er ekkert smáræði þegar maður hugsar um að Google hefur aðeins verið til í tæp 16 ár.

Hvar byrjaði þetta allt saman?

Eins og flestir vita er kjarninn í Google-veldinu leitarvél fyrirtækisins, sem var upphaflega sett upp sem rannsóknarverkefni af tveimur doktorsnemum í Stanford-háskólanum, þeim Larry Page og Sergei Brin. Þeir stofnuðu Google í september 1998 og var markmiðið að skipuleggja allar upplýsingar heimsins og gera þær aðgengilegri og gagnlegri. Slagorð þeirra var „Don´t be evil" en tölvurisinn Google, sem safnar miklum upplýsingum um notendur sína, er að sjálfsögðu ekki óumdeildur. Upphaflega snerist allt um leitarvélina en í gegnum tíðina hefur hlaðist utan á vöruframboð fyrirtækisins með gríðarlega hröðum og miklum vexti þess. Nú er markaðsvirði Google litlir 400 milljarðar dollara og telst það vera næstverðmætasta fyrirtæki Bandaríkjanna en keppinauturinn Apple vermir efsta sætið. Þrátt fyrir mikið vöruframboð kemur megnið af tekjum fyrirtækisins enn frá auglýsingum á netinu sem eru birtar í gegnum auglýsingakerfið AdWords. Google vill því fjölga tekjustraumum sínum.

„Miðpunkturinn í þessu starfi er leynileg rannsóknarmiðstöð sem kallast Google X. Henni stýra þeir Sergei Brin og vísindamaðurinn, rithöfundurinn og frumkvöðullinn Astro Teller. Astro er með hinn látlausa starfstitil „Captain of Moonshots"."

Hvað gerir þetta Google eiginlega?

Meðal annarra mikilvægra lausna Google eru skrifstofuhugbúnaður fyrir fyrirtæki og einstaklinga (Google Drive og Google Apps), Youtube-vídeóvefurinn, bloggþjónustan Blogger, gagna- og vefhýsing, Chrome-vafrinn, Chrome-stýrikerfið fyrir fartölvur, samfélagsnetið Google+, kortaþjónustan Google Maps og Nexus-snjalltæki. Android-stýrikerfi Google hefur gegnt lykilhlutverki í að gera snjallsíma að almenningseign um heim allan. Talið er að snjallsímanotendur verði 1,75 milljarðar á þessu ári og að langflestir þessara síma keyri á ýmsum útgáfum af Android-stýrikerfinu. Tólf gagnaver Google um heim allan eru bakbeinið í þjónustu fyrirtækisins.

Google er sem sagt leiðandi í leitartækni og auglýsingum

á netinu og stendur í harðri samkeppni við Apple á snjalltækjamarkaðinum. Google berst einnig við Microsoft á sviði skrifstofuhugbúnaðar á netinu og við Amazon í að veita skýjaþjónustu hvers konar. Eins og rakið verður hér að neðan virðist Google vilja búa til valkosti við snjallsíma eins og við þekkjum þá í dag, vera leiðandi í samgöngutækni og róbótum og koma sterkt inn í heilbrigðisþjónustu.

Kafteinn Tunglskot vísar veginn

Miðpunkturinn í þessu starfi er leynileg rannsóknarmiðstöð sem kallast Google X. Henni stýra þeir Sergei Brin og vísindamaðurinn, rithöfundurinn og frumkvöðullinn Astro Teller.




Astro Teller

Sá síðarnefndi er með hinn látlausa starfstitil „Captain of Moonshots“, en hugtakið Moonshots vísar einmitt til áhættusamra og framúrstefnulegra lausna á vandamálum sem Google vill takast á við. Um 250 manns með fjölbreyttan bakgrunn starfa hjá rannsóknarstöðinni. Starfsemi hennar er hluti af þeirri stefnu stjórnenda Google að fjárfesta til langs tíma í metnaðarfullu rannsóknar- og þróunarstarfi á tímum þar sem slík starfsemi á undir högg að sækja í einkageiranum og hjá hinu opinbera. Í nýlegri grein Fast Company kemur fram að starfsmenn Google X telja fátt of fjarstæðukennt til að takast á við. Þeir hafa velt fyrir sér smíði á geimlyftu og auðvitað hönnun á svífandi bretti eins og Michael J. Fox þaut um á í Back to the Future-myndunum. Því miður eru bæði verkefnin á ís eins og sakir standa. Talið er að Google X vinni að um 100 verkefnum og hér er aðeins rými til að stikla á stóru um það allra helsta.

Viðbót við veruleikann

Google Glass-gleraugun eru eitt best kynnta verkefni Google X. Þau eru skýrt birtingarform hugtaksins Augmented Reality á ensku. Það má ef til vill þýða sem viðbættur veruleiki. Þá er tölvutækni beitt til að gæða veruleikann auknu lífi með hljóðum, vídeóum, grafík eða GPS-gögnum. Google Glass er nettengd smátölva sem varpar upplýsingum

á gleraugu notandans og er stýrt með því að snerta aðra gleraugnaspöngina eða með raddskipunum. Þegar Robert Wong, aðalhönnuður Google Creative Labs, kom til landsins á dögunum í tilefni af HönnunarMars lýsti hann Google Glass sem tilraun til að gera tæknina fyrirferðarminni í lífi okkar. Hann sagði að snjallsíminn mætti ekki vera lokastigið í þróun tækninnar enda væri hann oft fyrir í daglegum samskiptum. Greinarhöfundur prófaði Google Glass og fannst mikið til koma. Það er magnað að nota gleraugun til að vísa sér veg, bera kennsl á tónlist eða þýða texta svo eitthvað sé nefnt. Robert tók skýrt fram að núverandi útgáfa Google Glass væri aðeins fyrsta kynslóð þessarar tækni. Google Glass hefur verið selt til útvaldra aðila fyrir 1.500 dollara stykkið. Lögð hefur verið áhersla á að koma Google Glass til hugbúnaðarframleiðenda en einnig til aðila eins og lækna, íþróttamanna, lögreglumanna, slökkviliðsmanna og fleiri sem finna eiga notkunarmöguleika og tækifæri til úrbóta. Fréttir hafa borist af því að bandarískri flugherinn rannsaki hvort og þá hvernig liðsmenn hans geta nýtt Google Glass.



Hinn 15. apríl var Google Glass til sölu í takmörkuðu upplagi til almennings í Bandaríkjunum í einn sólarhring. Það var eins og við manninn mælt, Google Glass seldist upp. Það mun samt ekki vera alveg áhættulaust að láta sjá sig með Google Glass í San Francisco, en þar munu sumir borgarbúar vera þreyttir á því sem þeir telja uppivöðslusama og moldríka tæknielítu. Aðrir hafa réttmætar áhyggjur af friðhelgi einkalífsins, enda er auðvelt að taka myndir eða vídeó með Google Glass.

Klæðanleg tækni

Til viðbótar við Google Glass kynnti Google í síðasta mánuði sérstaka útgáfu af Android-stýrikerfinu fyrir það sem upp á ensku kallast „Wearables“ og kallast Android Wear. Hér er átt það sem kannski mætti kalla klæðanlega tækni. Algengasta birtingarformið á þessu er snjallúr hvers konar og vinnur Google með tækni- og tískufyrirtækjum í að koma tækjum sem byggja á Android Wear á markaðinn. Fyrir nokkrum dögum var greint frá því að Google hefði sótt um einkaleyfi á linsu með myndavél og skynjurum. Linsunni væri stjórnað með því að blikka augunum en hún væri ekki einungis fyrir sjáandi heldur gæti hún hugsanlega nýst sjónskertum og jafnvel blindum að komast leiðar sinnar.



Klæðskerasaumaðir farsímar

Google sér ætlar sér stóra hluti í þróun snjallsímatækninnar. Í ársbyrjun seldi Google farsímaframleiðandann Motorola Mobility til Lenovo eftir að hafa átt fyrirtækið í skamman tíma. Eina deildin sem Google hélt eftir úr Motorola kallast Advanced Technology and Projects (ATAP) og rekur sú deild tvö athyglisverð farsímaverkefni sem sagt hefur verið frá. Það fyrra kallast Project Ara og gengur út á að þróa snjallsíma sem settur er saman úr mismunandi einingum. Hugmyndin er að lengja líftíma snjallsíma og draga úr því gríðarlega magni af símum sem fer á haugana í heiminum á ári hverju. Hermt er að fyrsti síminn komi á markað í byrjun ársins 2015 og einföld grunnútgáfa hans muni kosta um 50 dollara. Google vonast til að til verði fjöldi sérhæfðra framleiðanda á snjallsímahlutum, rétt eins ótal aðilar framleiða snjallsímaöpp. Hitt verkefnið sem ATAP rekur kallast Project Tango og gengur út á að þróa snjallsíma sem skynjar

umhverfi sitt í þrívídd. Í kynningarmyndbandi fyrir Project Tango er talað um að þetta geti nýst blindum og sjónskertum til að komast leiðar sinnar og gert notendum kleift að spila skemmtilega leiki máta húsgögn inn í híbýli fólks. Svo er sýnt myndskeið af róbóta sem skynjar umhverfi sitt og kemst leiðar sinnar með aðstoð snjallsíma. Síðastnefnda atriðið er vafalítið stór drifkraftur í verkefninu enda er Google búið að leggja mikið undir í þróun gervigreindar og róbótatækni.

Google-vélmennin koma

Frægasta dæmið um róbótatækni Google er sjálfkeyrandi bílar. Sá sem leiðir verkefnið heitir Sebastian Thrum, en hann er annar þeirra sem þróuðu Google Street View á sínum tíma. Í þessu verkefni er ósköp venjulegum bílum breytt í róbóta með hugbúnaði sem kallast Google Chauffeur og tæknibúnaði sem kostar um 150 þúsund dollara. Stór hluti af honum er radarkerfi sem byggir á leysigeislum. Google virðist hafa gengið vel með þetta verkefni. Í ágúst 2012 tilkynnti fyrirtækið að samtals hefðu sjálfkeyrandi bílar keyrt um hálfa milljón kílómetra án þess að hafa lent í óhöppum. Myndband sem sýndi sjálfkeyrandi bíl koma blindum manni á milli staða vakti mikla athygli og ljóst er að störf leigubílstjóra og annarra atvinnubílstjóra eru undir ef þessi tækni verður markaðssett. Vonandi verður samt áfram hægt að fá einræðu um vandamál og meinsemdir heimsins í sjálfkeyrandi Google-leigubílum við undirleik Útvarps Sögu.

Er Google Skynet?

Google hefur keypt átta leiðandi róbótafyrirtæki á skömmum tíma. Mesta athygli vakti þegar Google keypti Boston Dynamics í lok síðasta árs. Boston Dynamics hefur þróað öfluga róbóta sem varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna hefur fjármagnað. Þetta hefur leitt til þess að byrjað er að bera Google saman við hinn illræmda gervigreindaróvætt Skynet, sem er erkifjandi mannkyns í Terminator-myndunum. Þetta er auðvitað sagt í hálfkæringi en Google hefur ýtt undir þetta tal með kaupum á breska gervigreindarfyrirtækinu

DeepMind og skynjaraframleiðandanum Nest. Síðarnefnda fyrirtækið býr meðal annars til snjalla hitastillara sem læra á hegðun notenda og lágmarka þannig orkunotkun.

Gervigreindin er gagnleg

Áhugi Google á gervigreind er skiljanlegur alveg burtséð frá pælingum um róbóta. Framþróun gervigreindar hjálpar Google að halda leitarvél sinni í fyrsta sæti og hún nýtist til að bera kennsl á óviðeigandi efni á Youtube, þar sem notendur bæta hundrað klukkutímum af efni við á hverri mínútu. Gervigreind getur bætt þýðingarþjónustuna Google Translate, aukið öryggi vefþjónustu fyrirtækisins og aukið virkni samfélagsnetsins Google+ sem hefur ekki alveg slegið í gegn.

Internet alls staðar

Skiljanlega vill Google að sem flestir noti internetið en vandamálið er að í dreifðum byggðum og í þróunarríkjum er netsamband oft lélegt eða ekki fyrir hendi. Google vill laga þetta með loftbelgjum og setti á fót verkefni sem þótti svo galið að það gengur heitinu Project Loon. Loftbelgirnir svífa í um 32 kílómetra hæð og netsambandið sem þeir veita er sambærilegt við 3G-tengingu í farsíma. Fyrir utan að bæta netsamband í sveitum og í þróunarríkjum sjá menn fyrir sér að netloftbelgirnir geti nýst á hamfarasvæðum. Í fyrra hófst tilraunaverkefni í Nýja-Sjálandi þar sem um 30 loftbelgir sjá um 50 manns fyrir nettengingu. Í náinni framtíð ætlar Google að nota um 300 loftbelgi til að veita netsambandi til Nýja-Sjálands, Ástralíu, Síle og Argentínu. Framtíðarsýnin er að hafa þúsundir loftbelgja á flugi og sjá öllum heiminum þannig fyrir nettengingum.

Google-drónarnir fylgjast með

Nýverið vann Google samkeppni við Facebook um kaup á drónaframleiðandanum Titan Aerospace, en það fyrirtæki framleiðir dróna sem ganga fyrir sólarorku og geta verið á lofti árum saman. Google hefur lýst því yfir að drónarnir frá

ÍTAREFNI

Larry Page

Viðtal Charlie Rose við hann á TED 2014

Wildcat


Myndband af nýjasta róbótanum frá Boston Dynamics

Astro Teller

Kafteinn Tunglskot útskýrir hvað Google X gerir

Smelltu á fyrirsagnirnar til að lesa ítarefnið

Titan Aerospace verði nýttir fyrir Project Loon. Ef eitthvað er að marka yfirlýsingar Titan Aerospace geta drónar fyrirtækisins skilað netsambandi upp á 1 GB á sekúndu, sem verður að teljast dágott. Einnig má búast við því drónarnir og loftbelgirnir verði nýttir fyrir kortaþjónustu Google (Google Maps). Kannski verður sú þjónusta í beinni útsendingu einn daginn. Víst er að einhverjum gæti þótt það hrollvekjandi framtíðarsýn að fyrirtæki eins og Google, sem þegar veit svo mikið um okkur nú þegar, fylgist með úr lofti.



Google gegn elli?

Í upphafi ársins greindi Google frá því að fyrirtækið væri að prófa linsu sem væri hönnuð til að hjálpa sykursjúkum að fylgjast með blóðsykurmagni með einföldum hætti. Linsan virkar þannig að hún nýtir örsmáa skynjara til að mæla styrk glúkósa í táravökva notandans og gefur ljósmerki með LED-ljósum þegar styrkur hans verður of mikill. Annað verkefni á sviði heilbrigðismála er dótturfyrirtæki Google sem nefnist Calico (California Life Company fullu nafni), en lítið er vitað um hvað það gerir nákvæmlega. Yfirlýst markmið fyrirtækisins er að berjast gegn öldrun og sjúkdómum sem henni fylgja. Forstjóri Calico er Arthur D. Levinson, sem er stjórnarformaður Apple og reynslubolti úr líftæknigeiranum.

Google styður tunglferðir

Síðasta atriðið í þessi löngu upptalningu um þau framúrstefnulegu verkefni sem Google kemur að er stuðningur fyrirtækisins við Lunar XPRISE-verðlaunin. Þau hlýtur sá aðili sem fyrstur lendir ómönnuðu fari á tunglinu, keyrir þar á geimjeppa 500 metra og sendir til jarðar hágæðamyndir og vídeó. Þetta þarf að gerast fyrir lok árs 2015 og eru fyrstu verðlaun upp á 20 milljónir dollara. Þetta er svo sannarlega verðugt verkefni fyrir Kaftein Tunglskot og vini hans hjá Google.



Dauðaslys Senna það síðasta í F1

Ayrton Senna fórst í árekstri fyrir réttum 20 árum en þá var hann fyrir löngu orðinn goðsögn í kappakstursíþróttinni.

ÍÞRÓTTIR
Birgir Þór Harðarson
@ofurbiggi

Almáttugur minn! Þetta er hryllilegt.“ Svona lýsti Murray Walker árekstri Gerhards Berger í Imola á Ítalíu við vegginn í Tamburello-beygjunni fyrir áhorfendum breska ríkissjónvarpsins árið 1989. Formúla 1 var þá ekki eins örugg og hún er í dag. Framvængurinn á Ferrari-bílnum hafði brotnað svo hann skall á veggnum á um 300 kílómetra hraða og skautaði eftir honum á meðan eldsneytið gusaðist frá bílnum. Nokkrum andartökum síðar varð bíllinn alelda og Berger sat fastur í bílnum. „Engin orð geta bætt neinu við þessar hræðilegu myndir,“ hélt Walker áfram.

Berger hélt strax að hann væri að mikið slasaður en að lokum slapp hann með minniháttar brunasár. „Það leið nokkur tími þar til öryggisverðirnir komu mér í sjúkrabílinn. Ég man að hjúkrunarkonurnar voru að þurrka eldsneytið af höndunum á mér en, það er svolítið fyndið, því mestu brunasárin fékk ég á punginn," sagði Berger í viðtali við Sky Sports 24 árum eftir slysið.

Ári síðar stóðu þeir Berger og góður vinur hans Ayrton Senna á veggnum við Tamburello-beygjuna og veltu því fyrir sér hvort ekki væri hægt að gera beygjuna alræmdu öruggari. Þeir hugsuðu aðeins um hvort ekki væri hægt að færa vegginn aftar svo hægt væri að gera dýpri sandgryfju umhverfis kappakstursbrautina. Fyrir þeim var augljóst að ekkert væri hægt að gera enda liggur Santerno-á þétt upp við vegginn handan brautarinnar. Þar við sat og ekkert var gert til að auka öryggi ökumanna í Tamburello-beygjunni. Fjórum árum síðar lést Ayrton Senna í árekstri við vegginn. Hinn 1. maí verða 20 ár liðin frá dauða þessarar skærustu stjörnu kappaksturs í heimi.

„Þegar sjöundi hringur var nýhafinn ók Senna með Schumacher fast á hæla sér inn í Tamburello-beygjuna. Hann virtist vera með fulla stjórn á bílnum en snarlega skaust bíllinn til hægri og beint á vegginn."

Fyrsta dauðsfallið í tólf ár

Keppnistímabil Senna hafði ekki farið vel af stað það árið. Hann hafði ekki lokið fyrstu tveimur mótum ársins, þrátt fyrir að hafa sett Williams-bílinn á ráspól í báðum mótum. Tölvustýringar á fjöðrun og bremsum höfðu verið bannaðar fyrir tímabilið 1994 og Senna, sem alltaf var þekktur fyrir yfirgengilegan akstur, náði ekki tökum á breytingunum. Hann sagðist vera óöruggur með bílinn og hafði efasemdir þegar hann ók honum hratt. „Það eiga eftir að verða mörg slys þetta tímabilið, og ég skal gerast svo djarfur að segja að við verðum heppin ef ekkert hræðilegt gerist," sagði Senna eftir að hafa reynsluekið bílnum.

Keppnishelgin hófst að venju með æfingum á föstudegi. Ekki var langt liðið af æfingunum þegar Rubens Barrichello lenti í harkalegum árekstri við vegg í Variante







Óhöppin helgina örlagaríku
Rubens Barrichello flaug á vegg og rotaðist á föstudegi (efst til vinstri), Roland Ratzenberger fórst á sunnudegi (að ofan) og Ayrton Senna fórst í kappakstrinum á sunnudag (neðst til vinstri).

Bassa-beygjunni á 255 kílómetra hraða. Jordan-bíll hans tókst á loft af brautarkantinum og small fast á veggnum með þeim afleiðingum að Barrichello missti meðvitund, nefbrotnaði og þurfti að vera með spelkur á annari hendi.

Daginn eftir, undir lok tímatökunnar, fór Austurríkismaðurinn Roland Ratzenberger út af í Villeneuve-beygjunni á 314 kílómetra hraða og hlaut við það alvarlega áverka, meðal annars brotna höfuðkúpu. Ratzenberger lést á sjúkrahúsi síðar þann dag. Dauðsfallið markaði nokkur tímamót í Formúlu 1 því það var hið fyrsta síðan Gilles Villeneuve fórst í Hollandi tólf árum áður. Það eru kannski kaldhæðni örlaganna að Villeneuve-beygjan sem Ratzenberger mistókst að aka er kennd við Gilles.

Dauði Ratzenbergers og slys Barrichellos fengu mikið á Ayrton Senna. Hann ók bíl sínum beint inn í bílskúr eftir seinna slysið og stóð yfir landa sínum Barrichello þegar sá síðarnefndi komst til meðvitundar aftur. Um kvöldið hringdi hann í kærustu sína og brotnaði niður þegar hann lýsti slysinu fyrir henni.

Daginn eftir setti Senna besta tíma í tímatökum umhverfis brautina áður en Ratzenberger lenti í slysi sínu. Tímatakan var stöðvuð um leið. Senna leist ekki á blikuna og fékk far með öryggisbíl að slysstaðnum. Þar rannsakaði hann flak

Simtek-bíls Ratzenbergers og aðstæður á brautinni. Þegar hann sneri til baka kom hann við í sjúkraskýlinu og hitti þar góðan vin sinn, taugasérfræðinginn Sid Watkins sem starfaði þá sem yfirlæknir í Formúlu 1. Watkins tjáði honum að Ratzenberger hefði farist í slysinu og brýndi fyrir honum að keppa ekki daginn eftir, jafnvel að draga sig í hlé frá kappakstri yfir höfuð og stunda fluguveiði í staðinn. Senna hugsaði sig lengi um – í mínútu eða meira – áður en hann svaraði því til að hann gæti ekki hætt í kappakstri. Hann gæti ekki snúið frá áskoruninni.



Heillaráð?
Senna á tali við Sid Watkins lækni eftir að Ratzenberger hafði verið fluttur á sjúkrahús með áverka sem áttu eftir að draga hann til dauða.
Mynd: AFP

Atburðurinn sem breytti öllu

Nigel Roebuck lýsir því í endurminningum sínum (Barist um bikarinn) að andrúmsloftið á keppendasvæðinu sunnudagsmorguninn 1. maí 1994 hafi verið drungalegt. Alvarlegt slys varð í hliðarkappakstri þá um morguninn og það „undirstrikaði þá tilfinningu að ástandið væri einhvern veginn ekki eðlilegt“.

Áföllin héldu áfram að ganga yfir kappaksturinn strax í ræsingu. JJ Letho hafði drepið á bíl sínum á ráslínunni og veifaði höndum til merkis um að hann kæmist hvergi. Það dugði þó ekki til því Lotus-bifreið Pedro Lamy skall aftan á Benetton-bifreið Lethos með þeim afleiðingum að brak flaug upp í áhorfendastúku og á áhorfendur, sem slösuðust.

Í ræsingunni hafði Senna náð að halda Michael Schumacher fyrir aftan sig. Senna hristi af sér allar efasemdir um Williams-bílinn og hóf harða baráttu, eins og hann var þekktur fyrir, við helsta keppinaut sinn. Þegar sjöundi hringur var nýhafinn ók Senna með Schumacher fast á hæla sér inn í Tamburello-beygjuna. Hann virtist vera með fulla stjórn á bílnum en snarlega skaust bíllinn til hægri og beint á vegginn. Sjónvarpslýsendur sáu strax líkindi með slysi Gerhards Berger fimm árum áður.

„Þegar rauða flagginu var veifað varð allt einkennilega hljótt," skrifar Roebuck í bók sinni þegar hann lýsir upplifun sinni af slysinu í blaðamannastúkunni í Imola. Sjónvarpsútsendingin sýndi höfuð Senna liggja hreyfingarlaust til hliðar. „Svo hreyfðist höfuðið. Það var tæpast merkjanlegt en það nægði sumum til þess að vona enn um sinn að Ayrton væri vaknaður og ekkert meira. En öðrum fannst eitthvað draugalegt við hreyfinguna. „Hann er að deyja, er það ekki?" muldraði einhver."

Watkins læknir var fljótur á vettvang og gerði það sem hann gat áður en hann sendi Senna á sjúkrahús, þar sem hann var settur í öndunarvél. Watkins vissi nánast um leið hvað væri í vændum þegar hann kom að slysinu. „Hann virtist friðsæll. Ég lyfti augnlokunum og það var augljóst af augasteinunum að dæma að hann hafði hlotið mikinn heilaskaða. Við lyftum honum úr stjórnklefanum og lögðum hann á jörðina. Um leið andvarpaði hann, og þó að ég sé ekki trúaður maður fann ég anda hans hverfa á þeirri stundu."

Senna lést á sjúkrahúsi klukkan 18.40, rúmlega fjórum klukkustundum eftir slysið.

Besti ökuþór allra tíma?

Senna gegn Schumacher

Þegar Michael Schumacher jafnaði fjölda mótssigra Ayrton Senna í ítalska kappakstrinum 2001 grét hann á blaðamannafundi eftir mótið, svo mikið afrek taldi hann mótssigrana vera. Séu Schumacher, sigursælasti ökuþór allra tíma, og Senna bornir saman má sjá hvers vegna þeir eru álitnir þeir bestu í íþrótt sinni.

	Senna	Schumacher
Mót	161 (100%)	306 (100%)
Sigrar	41 (25,4%)	91 (29,7%)
Verðlaun	80 (49,6%)	155 (50,6%)
Ráspólar	65 (40,3%)	68 (22,2%)
Hröðustu hringir	19 (11,8%)	116 (37,9%)

*HLUTFALL AF FJÖLDA MÓTSKRÁNINGA INNAN SVIGA.

Eftirleikurinn

Í Brasilíu, heimalandi Senna, var dauði hans álitinn þjóðarharmleikur enda hafði hann verið dáð íþróttahetja. Stjórnvöld þar í landi boðuðu þriggja daga þjóðarsorg eftir dauða hans og var líki hans flogið í farþegarými brasilísks flugfélags, þvert á verklagsreglur þar um. Útför hans, sem fór fram í Sao Paulo 5. maí, var sjónvarpað um allan heim og var í stíl við jarðarfarir þjóðhöfðingja. Hátt í þrjár milljónir manna fylgdu Ayrton Senna til grafar. Dagblöð sögðu frá því að þetta væri fjölmennasta útför í manna minnum. Svo mikið var álit Brasilíumanna á sinni skærustu stjörnu í kappakstri.

Senna er enn álitinn meðal færustu ökuþóra sögunnar.

Top Gear gerði fyrir fáeinum árum stórkostlega kvikmynd um þennan magnaða mann.



Þungt hugsi
Senna sestur í Williams-bílinn í síðasta sinn fyrir kappakstur-inn í Imola á Ítalíu. Honum þótti bíllinn aldrei sérstaklega traustvekjandi.

„Arretêz ça!“

Formúla 1 sneri aftur í Mónakó hálfum mánuði síðar. Strax á fyrstu æfingunni varð slys. Karl Wendlinger ók þá Sauber-bíl sínum í vegrið og slasaðist. Það varð til þess að franska dagblaðið L'Equipe birti forsíðumynd af flaki Sauber-bílsins undir fyrisögninni „Stöðvið þetta!“. Atvikið vakti Alþjóða akstursíþróttasambandið (FIA) til vitundar um að grípa þyrfti tafarlaust í taumana; Formúla 1 væri orðin of hættuleg íþrótt til að hægt væri að halda áfram á sömu braut.

Það varð úr að FIA takmarkaði kraft vélanna töluvert, inn-leiddi aftur tölvustýringarbúnað og setti enn frekari kröfur í árekstursprófunum bílanna. Þá var dreginn upp listi yfir 16 beygjur á kappakstursbrautum víðsvegar um heiminn sem

þóttu of hættulegar. Beygjunum var flestum breytt, meðal annars Tamburello-beygunni alræmdu. Imola-brautin er til dæmis allt önnur í dag en hún var þegar Senna lést.

Ekki voru allir sammála um að þetta væri til bóta og töldu sumir að með því að draga úr hættunni væri um leið dregið úr spennunni sem fylgdi. Þeir bentu jafnframt á að þessar aðgerðir hefðu verið óhugsandi aðeins fáeinum árum áður. Það er rétt að á níunda áratugnum hefði þetta aldrei fengið að ganga eftir, ökumennirnir áttu að sjá sjálfir um öryggi sitt og starfræktu til dæmis um það félag (GPDA). Senna hafði stuttu áður en hann lést talað um að endurvekja þyrfti það félag og bauð sjálfan sig fram sem formann þess.

Þvert á spá efasemdamanna hefur áhorf og áhugi á Formúlu 1 aldrei verið meira en einmitt nú um mundir. Á dauði Senna að öllum líkindum stóran þátt í því.

Dagurinn sem Senna dó var dagurinn sem breytti öllu því þessi ástsæli íþróttamaður hafði dáið í beinni útsendingu sem fylgst var með á sjónvarpsskjám á heimilum alls staðar í heiminum. Rótgrónar og hefðbundnar íþróttir, ekki aðeins Formúla 1, voru að verða skemmtanaiðnaður og sjónvarpsáhorf á íþróttir jókst stöðugt. Þess vegna lítur FIA svo á að það sé skylda þess að gæta öryggis ökumanna. Fleiri ökumenn mega ekki deyja í beinni útsendingu.

KJARNINN

Hlaðvarp

Hlustaðu á Hlaðvarp Kjarnans þegar þú vilt, hvar sem þú ert.



Smelltu hér til að velja þér þætti úr Hlaðvarpi Kjarnans eða gerast áskrifandi.



NÆST Á DAGSKRÁ

Hismið

Árni Helgason og Grétar Theodórsson ásamt gestum fara í loftið alla föstudaga

kjarninn



KJAFTÆÐI

Hrafn Jónsson
kvikmyndagerðarmaður

Ég á heima á Grínlandi

Hrafn Jónsson gerir grín að fáránleika raunveruleikans og fagnar því að hafa endurheimt Jón Gnarr aftur í grínið.

Og á fjórða degi skuluð þið horfa til austurs og þegar fyrstu geislar fyrstu sólar sumars rista upp sjóndeildarhringinn mun hann standa með bakið í ljósið – og ef hann lítur niður og sér sinn eigin skugga mun það merkja sex vikur af dimmum vetri fyrir andstæðinga sannra íslenskra gilda (og íslensku sauðkindarinnar).

Ég gæti verið að blanda saman einhverjum goðsögnum hérna, en einhvern veginn svona hljómaði kokhraust loforð orðhvatasta stjórnmálamanns Íslands. Gleðilegan Guðna Ágústssonar-ákvörðunardag allir!

Ég kýs að líta ekki á þetta dramatíska dagsetningarval fyrrverandi landbúnaðarráðherra sem þá sturluðu sjálfsánægju sem hún virðist kannski í fyrstu, heldur sem ferskan andvara sem blæs í lúður nýrra tíma fyrir þau þrjú prósent höfuðborgarbúa sem fylkja liði á bak við Framsóknarflokkinn. Sá andvari virðist reyndar í þessu tilfelli vera

súrnuð mjólkurlykt úr tímahylki frá því fyrir aldamót en við getum þá þakkað fyrir það að tímavélin náði ekki alla leiðina aftur til Finns Ingólfssonar eða Alfreðs Þorsteinssonar – sem ég held reyndar örugglega að sé búið að múra inn í eina af þessum 600 þúsund króna steinflísum utan á Orkuveitu-húsinu eins og okkar eigin, aðeins ferkantaðri, útgáfu af Jimmy Hoffa.

Það verður reyndar fróðlegt að fylgjast með Guðna og Halldóri Halldórssyni keppast um hver sé mest úr takti við kjósendur með því að skiptast á að taka símasjálfsmellur af náfölum bjúrókrötum og planka ofan á öllum helstu kennileitum Reykjavíkurborgar. Þeir geta reyndar verið saman í liði við að mynda skjaldborg utan um þennan helvítis flugvöll sem Guðni er nú þegar byrjaður að mæra sem „besta og mikilvægasta“ flugvöll á Íslandi. Erum við í alvörunni ennþá að tala um flugvöllinn? Getum við ekki fengið Mývetningana sem sprengdu stífluna árið 1970 til þess að jafna Vatnsmýrina við jörðu – þótt það væri ekki nema bara til þess að við getum aftur farið að tuða yfir perum í ljósastaurum, hjólastígum, þeytivindum í sundlaugum og öðru sem skiptir raunverulega máli? Maður hefði haldið að þessi pólitíska hrútasýning væri of fáránleg til að fá einhvern raunverulegan hljómgrunn en allt í einu segja 30 prósent borgarbúa að Guðni gæti mögulega sjarmað frá þeim atkvæði í vor samkvæmt óformlegri könnun DV. Og við hin erum svo tryllt í Dag að við erum búin að gleyma því að hann var gríðarlega óeftirminnilegur borgarstjóri í korter einhvern tímann á síðasta áratug.

„Ég hef reyndar gert það að yfirlýstri stefnu að hlæja sem mest. Grínið er nefnilega svo máttugt – ekki bara sem hækja hinna tilfinningalega vanþroskuðu, heldur þvert á móti eina rökrétta tungumálið í fullkomlega vitfirrtum heimi.“

Sorrí, mér finnst þetta bara svo sturlaðslega fyndið. Ekki fyndið eins og Adam Sandler ca 1995 fyndið heldur fyndið eins og manískur hlátur sem hvellur upp úr manni þegar maður hefur ekkert annað tilfinningalegt viðbragð

við aðstæðum. Þetta er hlátur sem varnarmekanismi – eins og þegar mig dreymdi síendurtekið sem barn að ég væri fastur í glugga- og hurðalausu, skærmáluðu barnaherbergi og mannhæðarhár, hvíteygður Andrés Önd væri að elta og reyna að kyrkja mig. Það eina sem ég gat gert til þess að vakna var að hlæja nógu mikið í draumnum; þannig afvopnaði ég Andsetna-Andrés.

„Þetta reyndum við síðast fyrir fjórum árum og uppskárum óvart upp úr grínmóðunni einn allra besta borgarstjóra sem setið hefur. Hann hefur verið opinn, gegnsær, æðrulaus, erindreki kærleika og mannréttinda og líklega besta útflutningsvara okkar síðan Hallur Hallsson breytti Keikó í andfélagslegt, dekkjafróandi sæskrímsli um aldamótin síðustu.“

Ég hef reyndar gert það að yfirlýstri stefnu að hlæja sem mest. Grínið er nefnilega svo máttugt – ekki bara sem hækja hinna tilfinningalega vanþroskuðu, heldur þvert á móti eina rökrétta tungumálið í fullkomlega vitfirrtum heimi. Ég er reglulega spurður hvort ég sé ekki að grína yfir mig, hvort ég sé ekki að hylma yfir eitthvað með því að vera að spauga svona mikið. Ég hef nefnilega aldrei verið einlægari, aldrei verið glaðari með heimssýn mína en akkúrat núna. Ef penninn en máttugri en sverðið þá er prumpublaðran máttugust af öllu. Grínarinn má nefnilega segja það hann vill, það sem enginn annar má segja; eins og flónið í verkum Shakespeare sem fíflaði aðalinn og stóð handan við smásálarleg voðaverk valdsjúkra leikenda og benti þeim á hversu kjánaleg vélbrögð þeirra raunverulega væru. Eins og Loki sem plataði alla veröldina upp á móti sjálfri sér – og reyndar kveikti í heiminum og sökkti honum svo í sjóinn; en allt er gott sem endar vel, ekki satt?

Eftir því sem nútíminn verður fáránlegri eykst gildi trúðsins bara. Hverjir eru spámenn síðustu áratuga? Lenny Bruce, Richard Pryor, Bill Hicks, George Carlin, Louis C.K., Jon Stewart, Pablo Francisco (DJÓK!). Meira að segja helvítið hann Russell Brand er mest sannfærandi byltingarsinni 21. aldarinnar. Predikanir þessara spaugara rista djúpt því þeir

standa handan við smásmugulega pólitík. Einu hagsmunirnir sem þeir hafa að gæta eru að láta fólk hlæja og ekkert er fyndnara en spegillinn sem snúið er að okkur sjálfum. Á þessum síðustu og verstu tímum er þetta ekki einu sinni tívolí-grínspegill sem tattóveruðu bresku betrunarvinnu-glæpamennirnir rukkuðu mann 1.500 kall til að horfa í niðri á höfn, heldur bara ómerkilegur IKEA-spegill sem við klofum yfir til að skoða rassgatið á okkur sjálfum. Það eina sem grínarinn þarf að gera er að þylja upp staðreyndir og við öskrum úr hysterískum hlátri því að við trúum varla að heimurinn geti verið svona fáránlegur; En fáránleikinn er að minnsta kosti bærilegur svona rétt á meðan við erum að hlæja að honum.

Í misráðinni bjartsýni reynum við stundum að setja varalit á grínsvínið, troða því í buxnadragt og krossfesta við opinbert embætti í von um að grínið breyti kerfinu áður en kerfið kæfir hláturinn.

Þetta reyndum við síðast fyrir fjórum árum og uppskárum óvart upp úr grínmóðunni einn allra besta borgarstjóra sem setið hefur. Hann hefur verið opinn, gegnsær, æðrulaus, erindreki kærleika og mannréttinda og líklega besta útflutningsvara okkar síðan Hallur Hallsson breytti Keikó í andfélagslegt, dekkjafróandi sæskrímsli um aldamótin síðustu. En núna er nafn hans hvergi að sjá því að þeirri sálarétandi bjúrókratísku martröð sem borgarstjórn er tókst næstum að kreista síðasta dropann af lífskrafti úr aumingja manninum áður en hann hafði vit á því að stíga til hliðar. Velkominn heim í grínið kæri Jón, þú varst of góður fyrir þetta embætti hvort eð er. Láttu Guðna, Halldóra og Daga þessa lands sjá um að frethanast hringinn í kringum hvern annan. Þú varst bara heppinn að sleppa lifandi því að eins og stóuspekingurinn Mike Tyson sagði eitt sinn um páskahátíðina: „Það sem þau vita ekki er að þegar frelsarinn snýr til baka munu þessir gráðugu kapitalísku menn bara drepa hann aftur.“ Amen.